# FRÉTTABLAÐIÐ

113. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 15. MAÍ 2018




Ættingjar hins 23 ára Yazen Traboulsi syrgja hann í líkhúsi al-Shifa sjúkrahússins í Gasaborg. Minnst 52 palestínskir mótmælendur týndu lífi í mótmælum við landamæri Ísraels í gær eftir að ísraelskir hermenn skutu á þá. Riflega tvö þúsund særðust. Gærdagurinn var sá blóðugasti á svæðinu frá því í Gasastríðinu árið 2014. Sjá síðu 4 NORDIC PHOTOS/GETTY

# Sex flokkar næðu inn fulltrúum

**Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin í Hafnarfirði halda fylgi sínu að mestu, samkvæmt skoðanakönnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is hafa gert. Annar flokkanna gæti misst fulltrúa.**

**KOSNINGAR** Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði fengju 32 prósent atkvæða ef kosið væri í sveitarstjórn núna, samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem Fréttablaðið og frettabladid.is gerðu í gær. Samfylkingin fengi rúmlega 19 prósent, Framsókn og óháðir fengju tæplega 12 prósent og Miðflokkurinn og Píratar fengju tæplega 10 prósent hvor flokkur. Þá fengi VG rúm átta prósent, Viðreisn tæplega sex prósent og Bæjarlistinn rétt rúmlega þrjú prósent.

Í síðustu kosningum fékk Sjálfstæðisflokkurinn 35,8 prósent og fimm bæjarfulltrúa kjörna af ellefu, Samfylkingin fékk 20,2 prósent og þrjá fulltrúa, Björt framtíð fékk 19 prósent og tvo fulltrúa, VG 11,7 prósent og einn fulltrúa, Píratar 6,7 prósent og Framsókn 6,5 prósent. Píratar og Framsókn fengu ekki fulltrúa.

Yrðu niðurstöður kosninga þann 26. maí í takti við könnunina myndi annaðhvort Sjálfstæðisflokkurinn eða Samfylkingin missa einn fulltrúa. Ekki liggur fyrir samkvæmt tölunum hvort Sjálfstæðismenn myndu missa fimmta manninn eða Samfylkingin sinn þriðja. Þar stendur á jöfnu.

**Skoðanakönnunin var gerð 14. maí 2018**




Hitt er skýrara að miðað við þessar niðurstöður fengju Miðflokkurinn, Framsókn og óháðir, Píratar og VG einn mann kjörinn hver listi, en hvorki Viðreisn né Bæjarlistinn næðu inn fulltrúa. Bæjarstjórnin í Hafnarfirði yrði þá skipuð fólki úr sex flokkum en ekki fjórum eins og núna.

Hringt var í 1.089 manns með lögheimili í Hafnarfirði þar til náðist í 803 hinn 14. maí. Svarhlutfallið var 73,7 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir aldri. Alls tóku 50,6 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Þá sögðust 13,1 prósent ekki ætla að kjósa eða ætla að skila auðu, 21,3 prósent sögðust óákveðin og 14,9 prósent vildu ekki svara spurningunni. – **jhh** / **sjá síðu 6**

## Fréttablaðið í dag

**Halldór**




**SKOÐUN** Er fólk með fíknsjúkdóm afgangsstærð? spyr Valgerður Rúnarsdóttir læknir. **9**

**SPORT** Berglind Björg og Blikar hafa byrjað tímabilið af krafti. **10**

**TÍMAMÓT** Tuttugu ár eru í dag liðin frá því að Jóhanna Sigurðardóttir flutti lengstu ræðuna á Alþingi. **12**

**LÍFIÐ** María Thelma Smáradóttir var flott í Cannes með stórstjörnunni Mads Mikkelsen. **22**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **HAFNARFJÖRÐUR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS

Vikulegir útdrættir

Mestu vinningslíkurnar - skynsamlegasti kosturinn

Nýtt happdrættisár hefst í maí

• Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

• Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu

Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

HAPPDRÆTTI das

## Veður




Í dag er útlit fyrir vestan 8 til 13 metra á sekúndu og skúrir eða slydduél. Norðlægari austanlands með rigningu á láglendi, en slyddu eða snjókomu til fjalla. Svalt í veðri, hiti 2 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 14

## Fleiri ánægðir með efnahaginn

**EFNAHAGSMÁL** Rúmlega 80 prósent þeirra sem tóku afstöðu í könnun MMR töldu stöðu efnahagsins vera nokkuð eða mjög góða, en það eru 15 prósentustigum fleiri en ári áður. Einungis fjögur prósent svarenda kváðu stöðuna mjög slæma, sex prósentustigum færri en á sama tíma í fyrra.

Eldri svarendur voru líklegri heldur en þeir yngri til að telja stöðuna góða. Bjartsýni á stöðu efnahagsins jókst einnig með auknu menntunarstigi og auknum heimilistekjum.

Könnunin var gerð dagana 13. til 19. apríl 2018 og var heildarfjöldi svarenda 910 manns, 18 ára og eldri. **– jhh**

## Milljarða bótakröfu vísað frá héraðsdómi

**DÓMSMÁL** 2,3 milljarða skaðabótakröfu félagsins Lyfjablóms ehf. á hendur Þórði Má Jóhannessyni, Magnúsi Kristinssyni, Sólveigu Pétursdóttur, Helga Friðjóni Arnarssyni og KPMG ehf. var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Félagið Lyfjablóm ehf. hét áður Björn Hallgrímsson ehf. og var í eigu Kristins Björnssonar heitins, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, og systkina hans. Félagið er nú í eigu Björns Thorsteinssonar en hann er systursonur Kristins. Sólveigu var stefnt í málinu þar sem hún situr í óskiptu búi eftir eiginmann sinn.

Krafa Lyfjablóms var tilkomin vegna viðskipta sem tengjast fjárfestingafélaginu Gnúpi. Taldi félagið að stefndu, auk Kristins, „hafi beitt skipulegum og alvarlegum blekkingum“ vegna fjárfestinga í félaginu. Dómari málsins taldi málatilbúnað Lyfjablóms hins vegar svo óskýran að ekki væri annað hægt en að vísa málinu frá dómi. **– jóe**

## Smáverktaki á minigröfu



Rúmlega fimmtugur smáverktaki í Laugarási, sem vann skemmdir á eigin húsi með minigröfu og velti jeppa eftir eltingaleik við lögreglu var ekki þekktur fyrir spellvirki af íbúum á svæðinu. Kona mannsins og börn voru inni í húsinu er hann réðst til atlögu. Þau leituðu skjóls hjá nágrönnum. Maðurinn er í öðru sæti lista Nýs afls í kosningum til sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Framboðið fundaði um málið í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tvö félög fá lóðir fyrir 260 nýjar íbúðir

**SKIPULAGSMÁL** Félagsstofnun stúdenta og Bjarg íbúðafélag hafa fengið lóðarvilyrði til að byggja samtals 260 leiguíbúðir fyrir stúdenta og félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar í Skerjabyggð við Skerjafjörð. Ritað var undir samninga þessa efnis í gær.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að skipulagssamkeppni hafi verið haldin um skipulag í Skerjafirði og verið sé að vinna að deiliskipulagstillögu á grundvelli hennar. Um er að ræða landsvæði sem opnaðist sem byggingarland þegar litlu flugbrautinni var lokað.

Bjarg, sem er íbúðafélag verkalýðshreyfingarinnar, hefur fengið vilyrði fyrir lóð þar sem leyft verður að byggja 100 íbúðir, en samkvæmt samkomulagi við Félagsstofnun stúdenta verða byggðar 160 íbúðir. **– jhh**

# Kalla eftir úttekt á loftgæðum innilaugar

Sjálfstæðismenn í íþrótta- og tómstundaráði vilja að gerð verði óháð úttekt á loftgæðum í innilaug Laugardalslaugar vegna „ítrekaðra tilfella astma- og lungnasjúkdóma“ meðal iðkenda. Forstöðumaður segir mælingar koma vel út.

**STJÓRNSÝSLA** „Ég er í stjórn sunddeildar Fjölnis og dóttir mín er að æfa sund og fær alltaf astma þegar hún fer í innilaugina í Laugardal. Þannig að ég hef persónulega reynslu af þessu og þegar ég fór að tjá mig um þetta í stjórninni og við þjálfarana þá voru fleiri sem þekktu þetta,“ segir varaborgarfulltrúinn Herdís Anna Þorvaldsdóttir sem lagði fram tillöguna. Hún segir tillöguna fela í sér að láta skoða loftgæðin, ekki bara út frá klór, heldur líka hvort sveppur eða mygla þrífist hugsanlega í húsnæðinu sem útskýrt gæti óþægindin sem iðkendur finni fyrir.



Herdís Anna Þorvaldsdóttir segir sundfólk finna fyrir óþægindum í innilaug Laugardalslaugar og vill láta kanna loftgæðin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

„Það er þekkt meðal sundiðkenda í innilaugum að þegar þú andar að þér loftinu rétt fyrir ofan vatnsyfirborðið ert þú að anda að þér klór. Það er eðlilegt. Spurningin er, af því að þetta er mismikið eftir innilaugum, hvort það séu nógu góð loftskipti þarna eða hvort það sé eitthvað annað að trufla líka.“

Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar, kveðst ekki kannast við að innilaug Laugardalslaugar sé verri en aðrar hvað þetta varðar, raunar þvert á móti. Árlegar loftgæðamælingar, á svokölluðu trihalomethane, sýni að Laugardalslaug komi vel út. Logi kveðst hafa mætt á fund ráðsins á föstudaginn með nýjar mælingar rannsóknarstofu í lífefnafræði við Háskóla Íslands.

„Ef við útskýrum þetta í einingum trihalomethane, þá leyfir ESB 50 einingar per lítra, Danmörk miðar við 25 og innilaugin í Laugardal hefur frá árinu 2007 aldrei farið yfir sjö. Ég þekki því ekki að loftgæðin í innilauginni séu eitthvað slæm. Og ef loftræstingin eða annað væri slæmt væri ekki svona lágt THM-gildi í loftinu. Þetta er atriði sem verður að passa vel í innilaugum en það hefur oft verið talað í gegnum árin um lélega loftræstingu og hita, laugin er auðvitað gler á alla kanta og þegar mikið af fólki er þar komið saman þá er heitt þarna. En allar mælingar sem við höfum, sýna að allt sé í lagi.“

> **Allar mælingar sem við höfum, sýna að allt sé í lagi**
>
> Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar



Logi segir að annað sem hafi hjálpað frá árinu 2007 við að halda loftgæðum jafn góðum og raun ber vitni er að þá fóru þau að framleiða eigin klór sem hafi aukið gæði baðvatnsins mjög. Þau hafi verið í um 18-19 einingum fyrir það en sem fyrr segir aldrei farið yfir sjö síðan.

**mikael@frettabladid.is**



# Samsung hjá **Nova!**




**Samsung**
**Galaxy Note8** 64 GB

**124.990 kr.** stgr.

Fullt verð **149.990 kr.** stgr.




**Samsung**
**Galaxy S9+** 64 GB

**129.990 kr.** stgr.




**Samsung**
**Galaxy S9** 64 GB

**114.990 kr.** stgr.




Þráðlaus hraðhleðsla að verðmæti **9.990 kr.** fylgir Samsung Galaxy S9+, S9 og Note8!

**10falt net**: Fylgir í áskrift og með mánaðarlegri áfyllingu í frelsi.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

## Blóðugasti dagurinn á Gasa frá stríðinu árið 2014

**PALESTÍNA** Minnst 52 Palestínumenn létust og ríflega 2.400 eru særðir eftir að Ísraelar skutu á mótmælendur á norðurhluta Gasasvæðisins. Dagurinn í gær var sá blóðugasti frá Gasastríðinu árið 2014.

Mótmæli hafa verið tíð á svæðinu undanfarnar vikur en mótmælendum fjölgaði mjög í gær vegna þess að þá opnuðu Bandaríkin sendiráð sitt í Jerúsalem. Höfuðborg Ísraels er Tel Avív vegna deilna um skiptingu borgarinnar helgu. Flutningur sendiráðsins átti sér stað sléttum sjötíu árum eftir stofnun Ísrael.

Í yfirlýsingu frá Ísraelsher segir að um 40 þúsund Palestínumenn hafi tekið þátt í ofbeldisfullu uppþoti við öryggisgirðinguna sem skilur Gasaströndina frá Ísrael. Mótmælendurnir kveiktu í dekkjum og köstuðu steinum og litlum sprengjum. Því var svarað með skotum úr rifflum.

Talið er að enn fleiri muni mótmæla á morgun en 15. maí er þekktur í sögu Palestínu sem „Katastrófan“. Þann dag árið 1948 neyddust hundruð þúsunda Palestínumanna til að yfirgefa heimili sín þar sem þau voru nú innan landamæra Ísraels. – jóe



Sjúkraliðar sjást bera særðan mann af vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Jim Ratcliffe NORDICPHOTOS/AFP

## Eigandi Grímsstaða er ríkasti Bretinn

**BRETLAND** Jim Ratcliffe, meirihlutaeigandi í Grímsstöðum á Fjöllum og eigandi jarða í Vopnafirði, er ríkasti maður Bretlands samkvæmt nýbirtum lista Sunday Times. Eignir Ratcliffes eru metnar á rúmlega 21 milljarð punda, jafnvirði tæplega 3.000 milljarða króna.

Ratcliffe, sem er aðaleigandi og forstjóri efnafyrirtækisins Ineos, stekkur hátt á listanum á milli ára, en í fyrra námu eignir hans 15 milljörðum punda og þá var hann í 18. sæti listans.

Árið 2016 keypti Ratcliffe meirihluta jarðarinnar Grímsstaða á Fjöllum en hann átti fyrir þrjár jarðir í Vopnafirði þar sem miklar laxveiðiár er að finna. Ratcliffe er mikill áhugamaður um verndun laxastofna. – dfb

## Tóku hvolp af eigandanum

**DÝRAHALD** Matvælastofnun hefur tekið hvolp úr vörslu eiganda á höfuðborgarsvæðinu. Ástæða vörslusviptingar er ofbeldi sem umráðamaður beitti hvolpinn og sinnuleysi.

Í tilkynningu frá Matvælastofnun segir að vörslusviptingin hafi átt sér stað eftir að ábendingar bárust um illa meðferð á hvolpinum. Eftir skoðun á málsatvikum var það mat stofnunarinnar að málið þyldi ekki bið og var því gripið strax til vörslusviptingar.

Í lögum um velferð dýra segir að skylt sé að fara vel með dýr og ber umráðamaður ábyrgð á að annast sé um þau í samræmi við lögin. – jhh

# Íslensk erfðagreining fyrri til með vef um stökkbreytt gen

**Íslensk erfðagreining opnar í dag vefsíðu, arfgerd.is, þar sem fólk getur óskað eftir upplýsingum um hvort það beri BRCA-stökkbreytingar sem auka verulega líkur á banvænu krabbameini. Nefnd á vegum ráðherra telur æskilegt að opinberir aðilar reki slíka síðu. Forstjóri ÍE segir landlækni ekki ráða hvað fyrirtækið geri.**

**VÍSINDI** Töluverð umræða fór af stað fyrir nokkrum árum um hvort rétt væri frá siðferðilegu og læknisfræðilegu sjónarhorni að gera fólki viðvart á grundvelli upplýsinga í íslenskum vísindagagnagrunnum um hvort það ber BRCA-stökkbreytingu eða hvort virða bæri rétt fólks til að vita ekki af verulega skertum lífslíkum sínum.

Starfshópur heilbrigðisráðherra, sem skilaði fjórtán síðna skýrslu í gær, kemst að þeirri niðurstöðu að upplýst samþykki fólks þurfi til að veita megi því þessar upplýsingar.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, sem sæti átti í starfshópnum en sagði sig úr honum síðastliðið haust, hefur ávallt verið á öndverðum meiði og talið mikilvægt að nálgast það fólk sem ber stökkbreytinguna og gera því viðvart.

„Það er mjög skrítin túlkun á lögum að halda því fram að rétturinn til friðhelgi um einkalíf sé svo sterkur réttur að hann taki af okkur leyfið til að bjarga lífi fólks þegar þannig stendur á,“ segir Kári og bætir við:

„Kona sem erfir þessa stökkbreytingu er með 86 prósent líkur á því að fá banvænt krabbamein, 72 prósent líkur eru á að það sé brjóstakrabbamein. Lífslíkur hennar styttast um tólf ár og hún er þrisvar sinnum líklegri til að deyja fyrir sjötugt en kona sem ekki er með stökkbreytinguna. Þannig að það steðjar gífurleg hætta að konunni sem er með þessa stökkbreytingu og okkur er sagt að stjórnarskrárákvæði og lagaákvæði sem byggja á því að vernda friðhelgi um líf fólks banni okkur að bjarga lífi þessa fólks og okkur er bókstaflega sagt að það megi ekki nálgast þetta fólk og segja því að það sé í lífshættu,“ segir Kári sem telur þetta fara í bága við allar hefðir í samfélagi sem flytur fólk nauðungarflutningi úr húsum þar sem er skilgreind snjóflóðahætta án þess að afla fyrst samþykkis þess og sendir hundruð manna á fjöll að leita þeirra sem þar týnast.

Í niðurstöðu starfshópsins er lagt til að sett verði upp vefsíða, sambærileg þeirri sem Íslensk erfðagreining opnar í dag. Nefndin telur hins vegar ákjósanlegt að hið opinbera, til dæmis Embætti landlæknis, hafi yfirumsjón með ferlinu.

„Landlæknir hefur engin yfirráð yfir því sem við gerum og hefur engan rétt á því og mun aldrei sjá um slíkt, það bara kemur ekki til greina,“ segir Kári, sem hefur orðið fyrri til með opnun vefsíðunnar arfgerd.is þar sem fólk getur óskað eftir upplýsingum um hvort það beri BRCA-stökkbreytingar. „Ég átti sjálfur hugmyndina að svona vefsíðu á meðan verið væri að koma vitinu fyrir stjórnvöld,“ segir Kári.

Á hinni nýju vefsíðu Íslenskrar erfðagreiningar getur fólk skráð sig inn með rafrænum skilríkjum og óskað eftir því að fá upplýsingar um hvort það ber stökkbreytinguna, eftir að hafa veitt samþykki sitt með rafrænni undirritun. Að lágmarki tvær vikur tekur að fá niðurstöðu. Þeim sem tilkynnt er að þeir séu með stökkbreytinguna er í kjölfarið beint í ráðgjöf hjá Erfðaráðgjöf Landspítalans.
aðalheidur@frettabladid.is



Konur hafa um árabil verið hvattar til að þreifa á brjóstum sínum í leit að krabbameini. Einkenni geta verið hnútur eða fyrirferð í brjósti, oft harður eða þéttur og sjaldan aumur. Á vef Krabbameinsfélagsins segir að flestir hnútar í konum á frjósemisaldri séu góðkynja en þeir afmarkast þá oft vel og eru hreyfanlegir undir fingrum. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Það er mjög skrítin túlkun á lögum að halda því fram að réttinn til friðhelgi um einkalíf sé svo sterkur réttur að hann taki af okkur leyfið til að bjarga lífi fólks.**
>
> Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar







# TAKTU SKREFIÐ

## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

### NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI
### KYNNINGARFUNDUR Á MORGUN 16. MAÍ AÐ DUNHAGA 7

**KLUKKAN 16:00**

FJÖLSKYLDUMEÐFERÐ – DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

FRAMKVÆMDAFERLI MANNVIRKJAGERÐAR

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA- OG SKIPASALA

SÁLGÆSLA - DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

**KLUKKAN 17:00**

HEILDRÆN FJÖLSKYLDUSÝN – VINNA MEÐ BÖRNUM OG FULLORÐNUM

HUGUR OG HEILBRIGÐI

PMTO MEÐFERÐARMENNTUN

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

**KLUKKAN 18:00**

FJÁRMÁL OG REKSTUR

FORYSTA TIL FRAMÞRÓUNAR – LEIÐ STJÓRNENDA TIL AUKINS ÁRANGURS

GRUNNNÁM Í BÓKHALDI

GRUNNNÁM Í REIKNINGSHALDI

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI - DIPLÓMANÁM Á MEISTARASTIGI

UNDIRBÚNINGSNÁM – VIÐURKENNDUR BÓKARI

ÖKUKENNARANÁM TIL ALMENNRA RÉTTINDA

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR: SÍMI 525 4444
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Ársfundur 2018

**Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar** verður haldinn miðvikudaginn 30. maí kl. 12:00 í húsakynnum Brúar lífeyrissjóðs, Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

**Dagskrá**

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Kynning á breytingum á samþykktum sjóðsins
3. Önnur mál

Allir sjóðfélagar sem og fulltrúar launagreiðenda og viðkomandi stéttarfélaga eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

*Reykjavík, 25. apríl 2018*

*Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar*

## Yfirlit yfir afkomu ársins 2017

| Breyting á hreinni eign í m.kr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 2.566 | 2.527 |
| Lífeyrir | -4.446 | -4.138 |
| Hreinar fjárfestingatekjur | 4.671 | 2.606 |
| Rekstrarkostnaður | -190 | -159 |
| Breyting á hreinni eign | 2.601 | 836 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 74.061 | 73.226 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 76.662 | 74.062 |

| Efnahagsreikningur í m.kr. | | |
|---|---|---|
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 8.902 | 9.670 |
| Skuldabréf | 67.492 | 64.218 |
| Bundnar bankainnistæður | 60 | 172 |
| Kröfur | 217 | 237 |
| Handbært fé | 533 | 60 |
| Ýmsar skuldir | -542 | -295 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 76.662 | 74.062 |

| Kennitölur | | |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 6,1% | 3,4% |
| Raunávöxtun | 4,3% | 1,3% |
| Raunávöxtun 5 ára meðaltal | 4,0% | 3,8% |
| Raunávöxtun 10 ára meðaltal | 3,5% | 3,9% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 20,7% | 22,9% |
| Virkir sjóðfélagar | 392 | 446 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 3.151 | 2.915 |
| Sjóðfélagar í árslok | 17.506 | 17.672 |

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Starfsemin var með hefðbundnum hætti á árinu 2017. Á árinu greiddu að meðaltali 392 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og námu heildariðgjöld ársins 2.566 m.kr. með aukaframlagi launagreiðenda. Að meðaltali fengu 3.151 einstaklingar greiddan lífeyri frá sjóðnum og nam hann 4.446 m.kr. Rekstrarkostnaður nam 190 m.kr. Raunávöxtun sjóðsins var 4,3% og námu hreinar fjárfestingatekjur ársins 4.671 m.kr. Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 2.601 m.kr. á árinu og nam 76.662 m.kr. í árslok. Tryggingafræðileg úttekt sjóðsins sýnir að heildareignir sjóðsins umfram heildarskuldbindingar eru um 21.347 m.kr. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, en Brú lífeyrissjóður hefur annast rekstur sjóðsins frá 1998.

**Í stjórn sjóðsins sitja:**
Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður stjórnar,
Ása Clausen, Halldór Halldórsson,
Heiðar Ingi Svansson og Þorgrímur Hallgrímsson.

**Framkvæmdastjóri:**
Gerður Guðjónsdóttir

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar




SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2018 Hafnarfjörður



## Úrslit sveitarstjórnar-kosninga 2014

| | |
|---|---|
| Framsókn 0 fulltrúar | 6,6% |
| Sjálfstæðisflokkurinn 5 fulltrúar | 35,8% |
| Samfylkingin 3 fulltrúar | 20,2% |
| Vinstri græn 1 fulltrúi | 11,7% |
| Píratar 0 fulltrúar | 6,7% |
| Björt framtíð 2 fulltrúar | 19% |

## Íbúar í Hafnarfirði

1. janúar 2014
**27.357**

1. janúar 2018
**29.412**

**Skuldir á hvern íbúa**
**1.683.239 kr.**

**Skuldahlutfall nú***
**153%**

**Skuldahlutfall árið 2014**
**177%**

*Samkvæmt síðasta samþykkta ársreikningi

## Framboðslistar í Hafnarfirði

**Framsókn og Óháðir**
1. Ágúst Bjarni Garðarsson
2. Valdimar Víðisson
3. Jóhanna Erla Guðjónsdóttir
4. Margrét Vala Marteinsdóttir

**Viðreisn**
1. Jón Ingi Hákonarson
2. Vaka Ágústsdóttir
3. Þröstur Emilsson
4. Sunna Magnúsdóttir

**Sjálfstæðisflokkurinn**
1. Rósa Guðbjartsdóttir
2. Kristinn Andersen
3. Ólafur Ingi Tómasson
4. Helga Ingólfsdóttir

**Bæjarlistinn Hafnarfirði**
1. Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir
2. Birgir Örn Guðjónsson
3. Helga Björg Arnardóttir
4. Sigurður Pétur Sigmundsson

**Miðflokkurinn**
1. Sigurður Þ. Ragnarsson
2. Bjarney Grendal Jóhannesdóttir
3. Jónas Henning
4. Gísli Sveinbergsson

**Píratar**
1. Elín Ýr Arnar Hafdísardóttir
2. Kári Valur Sigurðsson
3. Hildur Björg Vilhjálmsdóttir
4. Hallur Guðmundsson

**Samfylkingin**
1. Adda María Jóhannsdóttir
2. Friðþjófur Helgi Karlsson
3. Sigrún Sverrisdóttir
4. Stefán Már Gunnlaugsson

**Vinstrihreyfingin grænt framboð**
1. Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir
2. Fjölnir Sæmundsson
3. Kristrún Birgisdóttir
4. Júlíus Andri Þórðarson

# Íbúðum verði fjölgað

**Átta framboð bjóða fram krafta sína í Hafnarfirði. Minnihlutinn sammála um að lítið sé gert í að auka framboð á húsnæði í bænum. Meirihlutinn vill halda áfram þeirri ábyrgu fjármálastjórnun sem hann segir að hafi einkennt bæinn.**

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Átta framboð bjóða fram krafta sína í Hafnarfirði í komandi sveitarstjórnarkosningum. Miðflokkurinn, Bæjarlistinn og Viðreisn bjóða nú fram í fyrsta sinn auk Pírata og fjórflokkanna svokölluðu.

Björt framtíð og Sjálfstæðisflokkur hafa farið með meirihluta í Hafnarfirði síðustu fjögur ár. Fyrrnefnda framboðið hlaut þá góða kosningu og komst í oddaaðstöðu við myndun meirihluta síðast.

Skuldir sveitarfélagsins, líkt og langflestra sveitarfélaga landsins, hafa lækkað á kjörtímabilinu og fólki hefur fjölgað í bæjarfélaginu. Hins vegar finnst oddvitum flestra framboða ekki nægilega mikið gert í þeim efnum og skortur á húsnæði nokkur. Samtök iðnaðarins til að mynda segja aðeins um 150 íbúðir í byggingu í Hafnarfirði á meðan þær eru um 500-1.700 í nágrannasveitarfélögunum.

Oddviti Viðreisnar og Bæjarlistans eru sammála um að mikilvægt sé að ráða ópólitískan bæjarstjóra yfir sveitarfélagið. Viðreisn setur það sem ófrávíkjanlega reglu við myndun meirihluta, komist framboðið í þá aðstöðu. „Bæjarlistinn Hafnarfirði er óflokksbundið og óháð framboð með fókusinn á Hafnarfirði. Bæjarlistinn vill að bæjarstjóri verði áfram ráðinn á faglegum grunni og að áfram verði lögð megináhersla á ábyrga fjármálastjórn," segir Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti hins nýja bæjarlista.

„Við leggjum áherslu á að halda áfram á sömu braut ábyrgrar fjármálastjórnunar. Það sem hefur haft mikil áhrif á bættan fjárhag er að undanfarin tvö ár hefur einungis verið framkvæmt fyrir eigið fé sveitarfélagsins," segir Rósa Guðbjartsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Vegna mun betri rekstrar hafa skapast skilyrði til að efla og bæta þjónustuna og lækka álögur og gjöld."

Framsókn og óháðir vilja frían mat í skólum bæjarins. „Málefni barnafjölskyldna eru okkur hugleikin. Við viljum skoða þann möguleika að bjóða upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir og að frístundakort fyrir eldri borgara verði um 70 þúsund krónur á næsta kjörtímabili. Einnig skiptir máli að Hafnarfjörður verði aftur samkeppnishæfur og að auka húsnæðisframboð," segir Ágúst Bjarni Garðarsson, oddviti Framsóknar og óháðra.

„Hafnarfjörður er engan veginn að standa sig í að fjölga íbúðum," segir Sigurður Þ. Ragnarsson, oddviti Miðflokksins. „Við þurfum að fjölga íbúðum og verktakar hér í bæ eru farnir að leita í önnur bæjarfélög eftir verkefnum sem hefur ekki tíðkast í um þrjá áratugi."

Jón Ingi Hákonarson í Viðreisn segir markmiðið að auka samvinnu í bæjarfélaginu. „Við þurfum að bæta samvinnu í bæjarstjórn milli minni- og meirihluta, sem og að auka samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Af því sem við leggjum áherslu á er að Reykjanesbraut fari í stokk frá Fjarðarkaupum til N1 á Lækjargötu og að við setjum sálfræðing í alla grunnskóla bæjarins," segir Jón Ingi.

Elín Ýr Hafdísardóttir, oddviti Pírata, segir það eitt mikilvægasta málið á næsta kjörtímabili að fjölga íbúðum í byggingu. „Við þurfum að auka framboð á húsnæði fyrir fjölbreyttari hópa og flýta byggingartíma. Einnig leggjum við mikla áherslu á gegnsæi og ábyrga stjórnsýslu sveitarfélagsins."

Elva Dögg Ásu og Kristinsdóttir nefnir auk húsnæðismálanna mikilvægt að bærinn kaupi fleiri íbúðir og auki framboð á félagslegu húsnæði. „Hér í bæ eru 196 umsóknir í brýnni þörf og þar erum við með um 90 börn. Fátækt barna skiptir sveitarfélagið máli. Einnig þurfum við að brúa bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunarúrræða með því að setja á laggirnar ungbarnaleikskóla."

Adda María Jóhannsdóttir, oddviti Samfylkingar, segir mikilvægt að fjölga íbúðum í byggingu svo bærinn standist öðrum sveitarfélögum snúning á höfuðborgarsvæðinu. „Það eru of fáar íbúðir í byggingu. Einnig leggjum við upp úr því að fjölga aftur leikskólaplássum sem var fækkað á þessu kjörtímabili."


ÁLFURINN
til betra lífs
ÁFRAM ÍSLAND
SÁÁ
Stöndum saman og kaupum álfinn – fyrir unga fólkið
Tökum vel á móti álfasölufólki dagana 15.-20. maí.
SÁÁ
SÁÁ – til betra lífs

# Vitglöp okkar



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Samhliða hækkandi aldri heimsbyggðarinnar mun tilfellum vitglapa fjölga gríðarlega. Úr fimmtíu milljónum í dag í 152 milljónir um miðja öld þegar fjárhagsleg byrði slíkra minnissjúkdóma mun nema um tvö þúsund milljörðum Bandaríkjadala á ári, margfalt meira en samanlagður kostnaður af krabbameinum og hjartasjúkdómum.

Vitglöp eru ekki eðlilegur fylgifiskur öldrunar. Þau eru ekki það að gleyma hvar maður setti veskið, heldur hvað veskið nákvæmlega er.

Vitglöp eru í raun regnhlífarhugtak yfir einkenni sem rekja má til ágengra og óafturkræfra heilasjúkdóma eins og Alzheimer og Lewy Body. Vitglöp eru, og verða, eitt stærsta viðfangsefni okkar kynslóðar.

Okkar framlag til þessarar löngu baráttu ætti að vera öflugt og skapandi vísindastarf ásamt heildstæðri áætlun um það hvernig við ætlum að takast á við það vaxandi vandamál sem vitglöp eru, og hvernig hægt er að búa innviði okkar og samfélag undir að hlúa enn betur að þeim sem sökkva hægt í óreiðu andlegrar hnignunar. Þegar vísindin eru annars vegar þá hafa fræðin tekið gríðarlegum framförum á undanförnum árum, að minnsta kosti hvað varðar skilning okkar á vitglöpum, þó margt sé enn á huldu um tilurð þeirra. Lyfjatilraunir á þessari öld hafa skilað litlum sem engum árangri.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru vísindamenn nú vongóðir um að nýtt lyf sem hindrar efnaferla sem leiða til Alzheimer muni skila tilætluðum árangri. Íslensk erfðaþekking gegndi mikilvægu hlutverki í að staðfesta lyfjamörk lyfsins og hún gegnir lykilhlutverki í prófun þess. Eitt er þó víst. Við munum því miður aldrei þróa eitt tiltekið lyf sem hentar öllum.

Þannig er það óumflýjanlegt að við þurfum að takast á við þær krefjandi áskoranir sem fylgja auknum fjölda þeirra sem glíma við vitglöp. Flest vestræn ríki gera sér grein fyrir þessu og hafa unnið umfangsmiklar áætlanir til að takast á við þær. Alþingi Íslendinga samþykkti í mars á síðasta ári þingsályktunartillögu þess efnis að ráðist yrði í gerð slíkrar áætlunar. Ekkert hefur gerst síðan þá. Starfshópurinn hefur ekki tekið til starfa og nú geta 200 manns átt von á að bíða í allt að tvö ár eftir að komast í dagþjálfun, með tilheyrandi afturför í sjálfsbjargargetu. Eins og bent var á í ritstjórnargrein Læknablaðsins nýverið, þá ríkir sannarlega úrræðaleysi í málaflokknum.

Brýn þörf er á að móta heildstæða stefnu í málefnum þeirra sem glíma við heilabilun og aðstandenda þeirra. Stefna þessi þarf að taka til heilbrigðisþjónustunnar, skráningar á einkennum og sjúkdómum, vísindavinnu hér á landi og erlendis til að auðvelda innleiðingu nýrra og gagnreyndra úrræða, og um leið til fræðslu og stuðnings þar sem vakin er athygli á erfðafræðilegum áhættuþáttum sem og þeirri mikilvægu staðreynd að heilsusamlegt líferni getur minnkað líkur á vitlöpum umtalsvert.

**Eitt er víst. Við munum aldrei þróa eitt tiltekið lyf sem hentar öllum.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Saklaus maður**
**Formaður Kennarasambandsins, Ragnar Þór Pétursson, hefur sætt ásökunum um blygðunarsemisbrot gagnvart pilti sem hann kenndi fyrir hartnær 20 árum. Hann hefur sjálfur greint frá því að málið hafi borist til lögreglu en lögreglumenn ekki séð tilefni til að ljúka rannsókn. Ragnar var í öllu falli aldrei sakfelldur fyrir brotið. Í réttarríki eru menn saklausir þar til sekt er sönnuð. Þrátt fyrir það sáu nokkrar konur á þingi KÍ, sem fram fór nýverið, ástæðu til þess að hvetja Ragnar til að taka ekki embætti formanns, sem hann var þó réttkjörinn til að gegna. Eðli málsins samkvæmt varð ekkert úr því.**

**Linnulaus málflutningur**
**Í gær barst svo yfirlýsing frá Kvennaframboðinu þar sem tilkynnt var að fulltrúar framboðsins myndu ekki mæta á fund Kennarafélags Reykjavíkur, sem fram fór í gær og ræddar voru áherslur flokkanna í menntamálum. Ástæðan var sú að Ragnar Þór Pétursson myndi halda opnunarerindi á fundinum. Það þarf svo kannski ekki að koma á óvart að einn fulltrúi kvennanna, sem skoruðu á Ragnar Þór að taka ekki embættið sem hann var réttkjörinn til að gegna, er einmitt líka á lista hjá Kvennaframboðinu.**

jonhakon@frettabladid.is

# Sjarmi við sjávarplássið



Hildur Björnsdóttir
skipar 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Ljúfsár lykt af sjávarfangi vekur minningar. Dægradvöl við dorgveiði á sólríkum degi. Skip koma að höfn til hvíldar. Börn bralla við bryggju í brælu. Lifandi tengsl fólks við haf og höfn. Æskuminningar úr sjávarplássinu Hafnarfirði. Búsetukostir og hafnarstarfsemi fóru laglega saman. Gamla höfnin í Reykjavík hefur tekið breytingum. Umsvif útgerðar á hafnarsvæðinu hafa minnkað. Hafnsækin starfsemi þarf nú minna landrými en áður. Ásókn rekstraraðila í húsnæði sem áður hýsti sjávarútveg hefur aukist. Þar finnst nú blómleg verslun og þjónusta. Örfirisey er lifandi – en þar býr ekkert fólk.

Það er skortur á íbúðarhúsnæði í Reykjavík. Skorturinn er viðvarandi og endurspeglast í mikilli verðhækkun íbúða. Fjölga þarf hagstæðum búsetukostum vestarlega þar sem eftirspurn er mikil. Tryggja þarf fleiri búsetumöguleika í námunda við stærstu vinnustaði borgarinnar. Tugþúsunda íbúðaþörf næstu ára verður ekki að fullu svarað á þéttingarreitum í miðborg og nágrenni. Það þarf ný svæði og nýjar hugmyndir.

Örfirisey er að mestu byggð á landfyllingum – svæðið mætti stækka enn frekar. Með þeim hætti hafa ýmis hverfi höfuðborgarsvæðisins risið. Framkvæmdin er einföld á grunnsævi, fyllingarefni úr húsagrunnum ódýrt og uppdæling af sjávarbotni auðveld. Fjárfestingin er góð enda eignast borgin verðmætt land. Sjálfstæðisflokkurinn sér möguleika á 4.000 íbúða lágreistri byggð með áherslu á spennandi lausnir fyrir ungt fólk. Hagstæðar lóðaúthlutanir til byggingar hagkvæmra búsetueininga. Allt yrði þetta viðfangsefni vandaðrar skipulagsvinnu.

Sjálfstæðisflokkurinn vill reisa bíllausa byggð – mannvæna byggð í sátt við útgerð og fiskvinnslu. Vistvæna og græna byggð sem ekki þrengir að hafnsækinni starfsemi. Byggð sem stendur vörð um gömlu höfnina og mikilvægi hennar fyrir atvinnulíf og sögu borgarinnar. Byggð sem blandar saman búsetukostum og borgarstarfsemi – samspil sjávar og mannlífs – sjálfbæra og lifandi Örfirisey.

Sjálfstæðisflokkurinn stendur fyrir frelsi og val – fjölbreytta borg fyrir fjölbreytt fólk. Frelsið til að velja samgöngukosti og fjölbreytta búsetukosti. Frelsið til að velja bíllausa byggð – til kaupa á fasteign, án kaupa á bílastæði. Val um hagkvæmar búsetueiningar. Val um að eignast heimili. Sáldrandi sjarma við sjávarplássið og lifandi byggð við sjávarsíðuna.

**Sjálfstæðisflokkurinn vill reisa bíllausa byggð – mannvæna byggð í sátt við útgerð og fiskvinnslu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Er fólk með fíknsjúkdóm afgangsstærð?



**Valgerður Rúnarsdóttir**
framkvæmdastjóri lækninga SÁÁ

Sú er almennt ekki raunin á Íslandi. Vogur er sjúkrahús sem veitir sérhæfða afeitrun og meðferð við fíknsjúkdómi. Gott aðgengi er að meðferðinni, sem er lykilatriði, og lögð áhersla á að fíknsjúkdómur er margþátta sjúkdómur sem hægt er að meðhöndla. Þessi sjúklingahópur fær einnig mjög mikla þjónustu í velferðarkerfinu öllu, á bráðamóttökum, á sjúkrahúsum, á heilsugæslustöðvum, í félagsþjónustu sveitarfélaga og sjúkratryggingakerfi landsmanna.

Þó má finna hjá okkur göt – skort á þjónustu vegna fíknsjúkdóms, t.d. fyrir þá elstu og þá yngstu – og fordómarnir eru í raun aldrei langt undan. Hvers vegna þyrfti annars að gera sérstakar ráðstafanir hjá grasrótarsamtökum eins og SÁÁ til að sjálfsagðri meðferð og eftirfylgni sé sinnt af heilbrigðiskerfi á Íslandi?

Frá áramótum hafa innlagnir á sjúkrahúsið Vog verið um 850. Margir eru þó að bíða eftir innlögn, rúmlega 500 manns, en biðlistinn á Vog hefur lengst mikið síðustu eitt til tvö árin. Þörfin er brennandi. Við finnum fyrir því alla daga.

Fyrir hvern og einn sem kemur til meðferðar eru nokkrir ástvinir sem hafa áhyggjur, binda vonir við breytingar, bíða eftir að þessi eini nái sér. Þeir sem búa við áfengis- og vímuefnafíkn vita hve mikið sá sjúkdómur getur tekið. Þeir vita líka hve mikið býr undir hjá einstaklingnum sem er veikur og hversu mikilvægt það er að hann fái aðstoð til að fóta sig að nýju. Einstaklingurinn þarf aðstoð til að stoppa neyslu áfengis og annarra vímuefna, aðstoð til að það rofi til í huganum, svo hægt sé að ná í þann kraft og getu sem í hverjum og einum býr. Kraft og getu til að takast á við lífið og áskoranir, virkni til að njóta fjölskyldu og samferðafólks.

Fíknsjúkdómurinn snertir hverja einustu fjölskyldu á Íslandi. Afleiðingarnar eru miklar og áþreifanlegar. Vonbrigði og leiði, reiði og ásakanir, vonleysi og ráðaleysi eru oft ríkjandi tilfinningar hjá fjölskyldu sem glímir við þennan sjúkdóm. Þegar illa gengur er mikilvægt að hafa möguleika til inngrips. Sjúkdómurinn þolir oft enga bið. Það vita þeir sem næst standa.

Oft er reynt að steypa alla með fíknsjúkdóm í sama mót, eða tala um þennan hóp sem einsleitan, til að geta alhæft og úthrópað. En raunin er sú að fíknsjúkdómur finnst meðal allra hópa og fólk úr öllum stéttum leitar sér aðstoðar við honum. Aðstoðin þarf því að vera opin og henta sem flestum.

**Fíknsjúkdómurinn snertir hverja einustu fjölskyldu á Íslandi. Afleiðingarnar eru miklar og áþreifanlegar. Vonbrigði og leiði, reiði og ásakanir, vonleysi og ráðaleysi eru oft ríkjandi tilfinningar hjá fjölskyldu sem glímir við þennan sjúkdóm.**

Meðalaldur sjúklinga á sjúkrahúsinu Vogi er lágur, um 35 ár. Þetta er ungt fólk, flestir eiga börn og þeir eldri eiga flestir barnabörn. Það er því mikil forvörn falin í því að einstaklingur með fíknsjúkdóm komist í meðferð og nái heilsu að nýju. Og sem betur fer þekkir hver fjölskylda á Íslandi líka til batans sem hægt er að ná frá fíknsjúkdómi.

Batinn kemur í áföngum og tekur á sig margar myndir: fólk í bata frá fíknsjúkdómi sinnir öllum störfum þjóðfélagsins, það er í móður- og föðurhlutverki, afa- og ömmuhlutverki, bróðir, systir, maki, frænka, frændi, vinur, vinkona – allt litróf mannlífsins tilheyrir hópnum.

Ef þú eða einhver sem þér þykir vænt um þarf aðstoð vegna áfengis- eða vímuefnavanda hafðu þá samband. Það eru allir velkomnir til SÁÁ.

# Hvar áttu heima? Hvaðan kemur þú?



**Amid Derayat**
skipar 2. sæti Vinstri grænna í Kópavogi

Íslenskt samfélag hefur breyst geysilega á seinustu áratugum. Það er mun fjölbreyttara en það hefur nokkurn tímann verið, þökk sé töluverðum fjölda innflytjenda frá ýmsum löndum. Mikill meiri hluti þessara íbúa tekur þátt í samfélaginu og leggur sitt af mörkum til hagkerfisins. Þetta fólk er að gera góða hluti. Við þurfum ekki að fara langt til að sjá útlendinga, það er nóg að líta í kringum okkur – verslanir, veitingastaðir, bensínstöðvar, nýbyggingar – það sést hvernig þeir þjóna samfélaginu og stunda oft mjög kröfuharða og erfiða vinnu eins og í byggingageiranum.

Á sama tíma eru örfáir nýbúar í stjórnmálum á Íslandi. Það er ekki lengur fyndið að hafa þennan „eina“ útlending á Alþingi eða í bæjarstjórn. Þetta er líka merki þess að aðlögun nýbúa hér gengur ekki nógu vel. Það er ekki nægur stuðningur í tungumálakennslu fyrir innflytjendur og börn þeirra og alls staðar reka nýbúar sig á þennan ósýnilega íslenskuvegg.

Atvinnuauglýsingar eru á ensku ef það er verið að auglýsa eftir starfsfólki í þrif, annars nær undantekningarlaust á íslensku. Og það gefur óbein skilaboð; þeir sem ekki tala góða íslensku eru annars flokks. Eins og fram hefur komið í tengslum við #Metoo byltinguna er þessi hópur mjög viðkvæmur fyrir hvers konar misnotkun. Það er líka hætta á að hér myndist stór hópur innflytjenda sem vinnur láglaunastörf og hefur enga möguleika á því að bæta kjör sín, fastur í fátæktargildru.

## Þátttaka mín í stjórnmálum á Íslandi

Ég hef búið í meira en 20 ár á Íslandi og samt er íslenskan mín langt frá því að vera fullkomin. Ég hef samt ekki látið það aftra mér frá því að taka þátt í stjórnmálum hér og hef verið í Vinstri grænum í meira en 10 ár. Ég vil að allir fái tækifæri til menntunar og fyrir nýbúa þá tel ég að stuðningur í tungumálakennslu sé þar lykilatriði. Ég vil einnig að nýbúar taki virkan þátt og verði sýnilegri í stjórnmálum á Íslandi, alveg óháð tungumálakunnáttu sinni, litarhætti og uppruna. Og ég vil hvetja þá til að taka þátt í bæjarstjórnarkosningunum og styðja VG. Stefna VG í málum útlendinga er sanngjörn, hvetur til meiri menntunar og velferðar, ásamt stórbættu upplýsingastreymi og leggur mikla áherslu á menntun fyrir börn nýbúa.

Saman getum við mótað samfélag sem styður við fólk hvaðan sem það kemur. Samfélag sem fagnar fjölbreytileikanum.



# Erum með mikið sjálfstraust

Berglind Björg Þorvaldsdóttir hefur raðað inn mörkum fyrir Breiðablik í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í sumar. Berglind Björg er næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar með fjögur mörk eftir fyrstu tvo leikina.




Berglind Björg Þorvaldsdóttir og stöllur hennar í Breiðabliki hafa byrjað tímabilið af krafti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FÓTBOLTI** Berglind Björg Þorvaldsdóttir og samherjar hennar hjá Breiðabliki mæta HK/Víkingi í nágrannaslag í þriðju umferð Pepsi-deildar kvenna í knattspyrnu í Kórnum í Kópavogi í kvöld. Berglind Björg hefur, líkt og Breiðabliksliðið allt, farið vel af stað í deildinni á yfirstandandi leiktíð.

Nýliðar HK/Víkings hafa hins vegar sýnt klærnar í upphafi deildarinnar, en liðið vann FH í fyrstu umferðinni og tapaði svo fyrir ríkjandi Íslandsmeisturum, Þór/KA, eftir hörkuleik í annarri umferðinni.

Breiðablik hefur aftur á móti haft betur í fyrstu tveimur leikjum sínum í deildinni, en liðið hefur skorað tíu mörk í öruggum sigrum. Berglind Björg hefur skorað fjögur af þessum tíu mörkum, en hún er næstmarkahæsti leikmaður deildarinnar á eftir Söndru Maríu Jessen, framherja Þórs/KA sem hefur skorað fimm mörk í þremur leikjum.

„Það er mikið sjálfstraust í liðinu eftir góða byrjun í deildinni í sumar. Við byrjuðum mótið af miklum krafti með góðum sigri á Stjörnunni og svo fylgdi sannfærandi sigur á Grindavík þar í kjölfarið. Við ætlum að halda þessu áfram og stefnan er sett á þrjú stig í leiknum gegn HK/Víkingi,“ sagði Berglind Björg í samtali við Fréttablaðið.

„Við misstum frábæra leikmenn eftir síðasta tímabil, en þeir leikmenn sem eftir eru hafa fengið aukna ábyrgð í staðinn. Það eru margir leikmenn sem hafa gripið tækifærið og staðið sig mjög vel. Við fylltum líka í skörðin með nýjum og öflugum leikmönnum. Þetta hefur leitt til þess að við söknum ekki þeirra leikmanna sem fóru og gæði liðsins eru á pari við liðið í fyrra að mínu mati. Við notuðum veturinn vel í að byggja upp nýtt lið. Leikmannahópurinn hefur smollið vel saman og liðsandinn í hópnum er alveg frábær,“ sagði hún um stemminguna í Breiðabliki.

> **Það eru margir leikmenn sem hafa gripið tækifærið og staðið sig mjög vel.**
>
> Berglind Björg Þorvaldsdóttir



Breiðablik stefnir að því að komast upp að hlið Þórs/KA, sem trónir á toppi deildarinnar með níu stig, með sigri gegn HK/Víkingi.

Þá getur Berglind Björg jafnað eða skotist upp fyrir Söndru Maríu á listanum yfir markahæstu leikmenn deildarinnar með marki eða mörkum í leiknum.

„Það er alltaf jafn góð tilfinning að skora og það eykur sjálfsöryggið að sjá boltann í netinu. Það var gott að brjóta ísinn strax í fyrsta leik og það hefur gengið vel að koma boltanum í markið í upphafi leiktíðarinnar. Vonandi næ ég að halda áfram á þessari braut og halda áfram að hjálpa liðinu með því að skora,“ sagði Berglind Björg um markaskorun sína. **hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Stjarnan - Víkingur R. 3-3**

1-0 Þórarinn Ingi Valdimarsson (14.), 1-1 Rick Ten Voorde, víti (32.), 2-1 Hilmar Árni Halldórsson, víti (37.), 2-2 Arnþór Ingi Kristinsson (58.), 3-2 Hilmar Árni, víti (64.), 3-3 Ten Voorde, víti (90+5.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 9 | KR | 4 |
| FH | 6 | Fylkir | 4 |
| Valur | 5 | Stjarnan | 2 |
| Víkingur R. | 5 | Fjölnir | 2 |
| KA | 4 | Keflavík | 1 |
| Grindavík | 4 | ÍBV | 1 |



**Óðinn Þór Ríkharðsson skoraði átta mörk í leik eitt.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## FH leitar að fyrsta sigrinum

**HANDBOLTI** FH og ÍBV mætast í annað sinn í einvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla í Kaplakrika í kvöld. Eyjamenn unnu fyrsta leik liðanna á sínum heimavelli, 32-26, á laugardaginn var.

Það var þriðji sigur ÍBV á FH í jafn mörgum leikjum í vetur. Eyjamenn unnu báða leikina í Olís-deildinni; 33-34 í Kaplakrika og 37-29 í Eyjum.

FH-ingar eru komnir í slæm mál ef þeir tapa leiknum í kvöld en það hefur aðeins einu sinni gerst, síðan úrslitakeppnin var tekin upp tímabilið 1991-92, að lið komi til baka og verði Íslandsmeistari eftir að hafa lent 2-0 undir. **– iþs**

FORD KA+
STÓRI SMÁBÍLLINN!

Ford KA+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford KA+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína.

Mánaðargreiðsla:
22.955 kr.
- Miðað við 79% Lykillán
- Kaupverð 1.790.000 kr.
- Útborgun 370.000 kr.
- Vextir 7,95%
- Lánstími 84 mánuðir
- Árleg hlutfallstala kostnaðar 9,54%

VERÐ FRÁ:
1.790.000 KR.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford KA+



brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is



**Umsóknarfrestur er til 15. maí**

# Spennandi og framsækið meistaranám á Bifröst

Háskólinn á Bifröst býður upp á spennandi meistaranám þar sem áhersla er lögð á frumkvæði nemenda og möguleika þeirra til að takast á við áskoranir framtíðar. Kennsluhættir taka mið af nýjustu tækni og rík áhersla er lögð á gagnrýna hugsun og raunverkefni, sem oft eru unnin í tengslum við atvinnulífið. Markmið skólans er að mennta samfélagslega ábyrga leiðtoga fyrir fjölbreytt atvinnulíf og samfélag.

- **Alþjóðaviðskipti – MS / MIB**
- **Forysta og stjórnun – MS / MLM**
- **Forysta og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun - MS / MLM**
- **Forysta og stjórnun með áherslu á verkefnastjórnun - MS / MLM**
- **Markaðsfræði - MS / MMM**
- **Viðskiptalögfræði - MBL / ML**
- **Menningarstjórnun – MA / MCM**

**Í fararbroddi í fjarnámi**
**Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2018 er til 15. maí**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- fyrir þá sem ætla lengra*



†

Elskulegur eiginmaður minn,
bróðir minn, faðir okkar, tengdafaðir,
afi, langafi og langalangafi,

**Gísli Böðvarsson**
Mánabraut 10,
Þorlákshöfn,

lést laugardaginn 7. apríl sl.
Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir
til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Suðurlands
á Selfossi fyrir hlýhug og umönnun í veikindum hans.

**Guðrún Oddsdóttir**
**Jónína Böðvarsdóttir** **Hans Hilaríusson**
**Guðbjörg Gísladóttir** **Sigurður Guðjónsson**
**Böðvar Gíslason** **María Sigurðardóttir**
**Rafn Gíslason** **Sigurlaug B. Gröndal**
**Jón Ellert Gíslason** **Kolbrún Viggósdóttir**
**Gísli Rúnar Gíslason** **Sylvía Matthíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Árnason**
Strikinu 4,
Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut
þann 8. maí. Jarðarförin fer fram frá
Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 17. maí kl. 15.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja
minnast hans er bent á styrktarsjóð Félags nýrnasjúkra,
www.nyra.is, 0334-26-001558, kt. 670387-1279.

**Auður Gunnarsdóttir**
**Margrét Haraldsdóttir**
**Ingunn Edda Haraldsdóttir** **Errol Bourne**
**Gunnar Haraldsson** **Jóna Margrét Kristinsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Baldvin Einarsson**
Fróðengi 1 (lengst af Bláskógum 6),

lést á Landspítalanum 8. maí.
Útför hans fer fram frá Seljakirkju
fimmtudaginn 17. maí kl. 11.00.

**Sigurveig Haraldsdóttir**
**Einar Baldvinsson** **Aðalheiður Jónsdóttir**
**Jón Heiðar Baldvinsson** **Jóhanna Sturlaugsdóttir**
**Gunnar Baldvinsson** **Björg Sigurðardóttir**
**Eyrún Baldvinsdóttir** **Stefán Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag
útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um
það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing
þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið
og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Salur þingsins var nær tómur allan þann tíma sem ræða Jóhönnu stóð yfir. Sérstöku borði var komið fyrir við hlið ræðupúltsins til að gera flutningsmanni ræðunnar dvölina sem besta. Tvisvar var gert hlé á ræðunni á meðan hún var flutt.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Lengsta þingræðan tvítug

*„Rothögg“ félagslega húsnæðiskerfisins var Jóhönnu Sigurðardóttur svo hugleikið að hún ræddi um það í tíu klukkustundir á Alþingi. Er það lengsta ræða þingsögunnar. Breytt þingsköp þýða að metið mun standa óhaggað. Afmæli ræðunnar var fagnað þann 1. maí.*

Á þessum degi fyrir tuttugu árum lauk lengstu ræðu sem flutt hefur verið á Alþingi. Flutningsmaður hennar var Jóhanna Sigurðardóttir, þá þingmaður þingflokks jafnaðarmanna.

„Forseti vill geta þess, vegna sérstakra óska háttvirts þingmanns, að gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að gera henni vistina í ræðustólnum sem besta,“ sagði Sturla Böðvarsson, þá 2. varaforseti Alþingis, við upphaf ræðu Jóhönnu. Þingmaðurinn þakkaði hugulsemina enda átti hún eftir að „dvelja [í ræðustól í] þó nokkurn tíma“.

Ræðan hófst klukkan 12.27 þann 14. maí 1998 en henni lauk ekki fyrr en klukkan 00.37 þann 15. maí. Þá hafði tvisvar verið gert hlé á þingfundi, annars vegar í hálftíma til hádegisverðar og hins vegar í níutíu mínútur til að snæða kvöldverð.

Upp úr klukkan sjö síðdegis spurði Guðmundur Árni Stefánsson, 4. varaforseti þingsins, hvort í lok ræðunnar stefndi. Þá hafði Jóhanna talað í fimm og hálfa klukkustund samfleytt og var það lengsta samfellda ræða þingsögunnar.

„Ég hef hvergi nærri lokið máli mínu, en ég læt forseta auðvitað um að ákveða hvort ég haldi hér áfram eða byrji að loknu matarhléi,“ svaraði Jóhanna að bragði.

Umrædd ræða Jóhönnu fór fram í annarri umræðu um húsnæðisfrumvarp Páls Péturssonar sem þá var félagsmálaráðherra. Taldi Jóhanna að með frumvarpinu væri stefnt að því að eyðileggja félagslega húsnæðiskerfið sem hafði verið við lýði í hátt í sjötíu ár. Að auki væri það gert einhliða af stjórninni án samráðs við hagsmunaaðila.

„Herra forseti. Það mál sem við ræðum hér er rothögg fyrir láglaunafjölskyldurnar á Íslandi og stærsti skellurinn sem láglaunafólk hefur orðið fyrir í marga áratugi,“ sagði hún meðal annars í upphafi ræðu sinnar.

> **Ég hef hvergi nærri lokið máli mínu, en ég læt forseta auðvitað um að ákveða hvort ég haldi hér áfram eða byrji að loknu matarhléi.**

Á þeim tíma sem ræða Jóhönnu var flutt gilti sú regla að við aðra umræðu þingmála máttu þingmenn tala tvisvar eins lengi og þeim þótti þurfa. Árið 2007 var þingsköpum breytt þannig að í annarri umferð máttu þingmenn tala eins oft og þeir töldu þörf á en ræðutími hverrar ræðu styttur. Það er því ljóst að met Jóhönnu mun standa óhaggað nema þingsköpum verði breytt til fyrra horfs.

Þann 1. maí síðastliðinn héldu Ungir jafnaðarmenn upp á tvítugsafmæli ræðunnar með því að endurflytja hana í heild sinni í miðbæ Reykjavíkur.

**joli@frettabladid.is**



†

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Hulda Steinunn Valtýsdóttir**

er látin. Útför hennar verður gerð frá
Dómkirkjunni þann 16. maí kl. 13.

**Kristín Gunnarsdóttir**
**Helga Gunnarsdóttir** **Michael Dal**
**Hildigunnur Gunnarsdóttir** **Ásgeir Haraldsson**
**og aðrir aðstandendur.**



†

Systir mín og frænka okkar,

**Þórhildur Þorsteinsdóttir**
(Dúdda)

lést þann 12. maí á heimili sínu
í Fuengirola á Spáni.
Útför verður auglýst síðar.

**Þorsteinn Þorsteinsson**
**Gauti Kristmannsson** **Leifur Ragnar Jónsson**
**Þorsteinn Kristmannsson** **Kristín Ragna Jónsdóttir**
**Kristmann Egill Kristmannsson** **Jón Ragnar Jónsson**
**Eiður Páll Sveinn Kristmannsson**



†

Eiginmaður minn,
faðir og tengdafaðir,

**Gísli S. Gíslason**
brúarsmiður,
Miðgrund, Skagafirði,

lést miðvikudaginn 9. maí á
Heilbrigðisstofnun Norðurlands,
Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Flugumýrarkirkju
föstudaginn 18. maí klukkan 14.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Ingibjörg Jóhannesdóttir**
**Ása Gísladóttir** **Þórarinn Illugason**



†

Elsku mamma okkar, tengdamamma,
amma, langamma og langalangamma,

**Guðjóna Eygló Friðriksdóttir**
frá Eyrarlandi, Þykkvabæ,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 8. maí.
Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju
fimmtudaginn 17. maí klukkan 14.
Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vilja minnast
hennar láti Þykkvabæjarkirkju njóta þess.

**Jón Viðar Magnússon** **Hrafnhildur Bernharðsdóttir**
**Friðrik Magnússon** **Hrafnhildur Guðnadóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 15. MAÍ 2018



**Ný rannsókn frá írskum háskóla segir að mótstöðuþjálfun minnki einkenni þunglyndis. Hún bætist í hóp fjölda annarra rannsókna sem sýna að líkamsrækt sé mjög góð fyrir andlega heilsu.** →4

ENZYMEDICA.

Söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum







„Mér þótti sportið svo skemmtilegt að ég hætti að hugsa um veiðar sem eitthvert markmið en ég var búinn að róa í fjögur ár áður en ég prófaði fyrst að veiða á kajak," segir Andri Þór Arinbjörnsson sem hefur róið kajak í nokkur ár. MYND/ERNIR

# Ótrúlega heillandi og skemmtileg íþrótt

Undanfarin ár hefur Andri Þór Arinbjörnsson stundað kajakíþróttina af miklu kappi. Síðasta sumar reri hann frá Þórsmörk til Vestmannaeyja með nokkrum félögum sínum þar sem hann lenti í ýmsum ævintýrum. →2



„Aðgengi er auðvelt og það er hægt að róa allt árið. Kraftarnir sem búa í hafinu eru miklir og fyrir þann sem hefur náð góðum tökum á kajak er ekki síður skemmtilegt að takast á við stórar öldur í blindbyl," segir Andri Þór.



Róið niður eftir Markarfljóti en fyrsti leggurinn var um 30 km.



Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

**Framhald af forsíðu**

Ástæða þess að Andri Þór Arinbjörnsson keypti sér kajak fyrir nokkrum árum er sú að hann vildi stunda veiðar á sjó. Honum þótti kajakinn meira heillandi en mótorbáturinn en komst fljótlega að því að ákveðna grundvallarfærni þurfti til að geta stundað veiðar af kajak. Hann kynnti sér því starfsemi Kayakklúbbsins og fór að taka þátt í róðrum á vegum klúbbsins frá Geldinganesi. „Mér þótti sportið svo skemmtilegt að ég hætti að hugsa um veiðar sem eitthvert markmið en ég var búinn að róa í fjögur ár áður en ég prófaði fyrst að veiða á kajak. Ég fer af og til í veiðiferðir á kajak en í dag er ég aðallega að róa til að komast í skemmtilega útivist, hvort sem er í straumvatni eða á sjó."

Hann segir helst heillandi við íþróttina hversu auðveldlega sé hægt að róa á fáfarna staði og raunar sé ótrúlega stuttur róður frá borginni út í fallega náttúruna. „Aðgengi er auðvelt og það er hægt að róa allt árið. Kraftarnir sem búa í hafinu eru miklir og fyrir þann sem hefur náð góðum tökum á kajak er ekki síður skemmtilegt að takast á við stórar öldur í blindbyl en að njóta kyrrðarinnar á sléttum sjó. Á kajak er hægt að komast í spennu í straumvatni, fossum eða stórum öldum, stunda þrekæfingar og keppa, fara í margra nátta ferðalög með viðlegubúnað eða njóta náttúrunnar í rólegheitum. Það er alltaf hægt að finna eitthvað skemmtilegt að gera á kajak og alltaf hægt að auka færnina."

## Langur undirbúningur

Síðasta sumar reri Andri á kajak frá Þórsmörk til Vestmannaeyja en ferðin var mikið ævintýri. „Sumarið 2015 var ég í Þórsmörk með fjölskyldunni og fór að velta fyrir mér hvort hægt væri að róa Markarfljótið. Auk þess átti ég alltaf eftir að róa til Vestmannaeyja en mér fannst tilvalið að sameina þetta í einni ferð. Það þarf margt að ganga upp til að hægt sé að fara í svona ferð og það liðu tvö ár frá því hugmyndin kviknaði og þar til ég hitti á réttu aðstæðurnar."

Fyrsti leggur ferðarinnar hófst föstudagskvöldið 9. júní en þar var Andri í samfloti með tveimur félögum sínum, Þorbirni Sigurbjörnssyni og Birni Traustasyni. „Við skildum bíl eftir við gömlu Markarfljótsbrúna en fórum svo upp í Bása þar sem var sett á flot. Fyrsti leggur var 30 km og áin skiptist reglulega í tvennt og stundum þrennt og þá þurfti að meta mjög fljótt hvaða áll væri vatnsmestur. Nokkrum sinnum tókum við ranga leið en sluppum þó við mikið basl. Klukkan var orðin hálf tvö um nótt þegar við komum að bílnum en þá áttum við eftir að keyra aftur upp í Bása, tjalda og grilla."

## Ógnvænlegt brim

Eftir hádegi næsta dag var keyrt niður að ósi. Veðurspáin var slæm þannig að ákveðið var að róa ekki til Eyja þann daginn. Hins vegar var spáin fyrir sunnudaginn mjög góð. Björn hélt heim á leið og eftir voru þeir tveir, Andri og Þorbjörn.

„Við ákváðum að taka næsta legg niður að ósnum, skildum bílinn eftir þar en fengum far aftur að brúnni. Áin var mun vatnsmeiri þarna niður frá og auðveldara að forðast strand á seinni kaflanum. Talsverður straumur var við stólpa brúnna og meira að segja hægt að sörfa aðeins öldu við gömlu brúna. Nálægt ósnum lá fullt af sel uppi á sandinum og hef ég aldrei séð svona marga seli á einum stað en hersingin fylgdi okkur alveg á leiðarenda.

Brimið í ósnum var ógnvænlegt og það var auðveld ákvörðun að taka dótið saman og segja þetta gott þennan daginn."

## Gekk á ýmsu

Daginn eftir hélt Þorbjörn heim en nýr félagi bættist í hópinn, Eymundur Ingimundarson, sem reri lokalegginn frá ósnum til Vestmannaeyja. „Brimið leit mun betur út frá landi og veðurspáin var góð en það átti að hvessa seinna um daginn þannig að við þurftum að drífa okkur til að sleppa við hvassan mótvind á leiðinni."

Félagarnir settu á flot örlítið ofan við ósinn. Straumurinn var þó nokkur alveg út í sjó og þegar þeir komu nær sáu þeir að brimið var meira en það hafði virst frá landi. „Öldurnar risu óþægilega hátt á þessum kafla og í eitt skiptið sem ég leit aftur fyrir mig sá ég hvernig aldan hafði keyrt kajakinn hans Eymundar í kollhnís aftur á bak þannig að hann skaust upp eins og ofvaxinn korktappi. Auk þess stökk selur úr öldunni beint í áttina að mér þannig að við rákumst næstum því saman. Vatnsflaumurinn bar okkur frá mestu brimsköflunum og eftir þetta óvænta ævintýri gátum við haldið áfram ferð okkar til Eyja."

## Fallegur endasprettur

Sjólagið á leiðinni var mjög skemmtilegt að sögn Andra, undiralda og smá vindur á móti en þeir héldu fínum ferðahraða. „Við rerum á milli Bjarnareyjar og Elliðaeyjar og hægðum aðeins á ferðinni þegar við komum að eyjunum enda þurfti að mynda dýrðina og skoða vel. Eftir stutt stopp í Klettshelli rerum við inn í höfnina þar sem ég kvaddi Eymund eftir frábæran dag. Eftir smá snarl tók ég Herjólf til baka í faðm fjölskyldunnar."


# AÐALFUNDUR HEIMILIS OG SKÓLA

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra verður haldinn **miðvikudaginn 23. maí, kl. 17.** Fundurinn verður haldinn í **þjónustumiðstöð Heimilis og skóla á 2. hæð, Suðurlandsbraut 24, 105 Reykjavík.**

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf og eru félagsmenn hvattir til að mæta. Lagabreytingar eru auglýstar á heimasíðu **www.heimiliogskoli.is**.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn: Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM




## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU*

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Mótstöðuþjálfun dregur úr þunglyndi

**Ný rannsókn frá írskum háskóla segir að mótstöðuþjálfun minnki einkenni þunglyndis. Hún bætist í hóp fjölda annarra rannsókna sem sýna að líkamsrækt sé mjög holl fyrir andlega heilsu.**

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@frettabladid.is



Samkvæmt nýrri rannsókn frá Limerick-háskóla á Írlandi er mótstöðuþjálfun ekki bara líkamlega holl, heldur líka andlega. Í rannsókninni, sem var birt í ritrýnda geðlækningatímaritinu JAMA Psychiatry, voru teknar saman niðurstöður úr yfir 30 rannsóknum sem náðu til tæplega tvö þúsund einstaklinga.

Samkvæmt rannsókninni er mótstöðuþjálfun, eins og lyftingar og ýmsar aðrar styrktaræfingar, tengd töluverðri rénun á einkennum þunglyndis. Þessi þjálfun styrkir líka bein og hjálpar við að fyrirbyggja ýmsa líkamlega kvilla.

Brett Gordon, sem er aðalhöfundur rannsóknarinnar, segir að mótstöðuþjálfun lækni ekki þunglyndi, en að niðurstöðurnar séu áhugaverðar, ekki síst þar sem þessi þjálfun sé aðgengileg, ódýr og hægt sé að stunda hana heima fyrir.

## Getur stutt við aðra meðferð

Gordon og samstarfsmenn hans greindu niðurstöður 33 klínískra rannsókna sem náðu til 1.877 einstaklinga og í þeim öllum voru skoðuð áhrif mótstöðuþjálfunar á einkenni þunglyndis. Niðurstöður allra rannsóknanna voru að það væri fylgni á milli styrktarþjálfunar og rénunar þunglyndiseinkenna eins og geðlægðar, áhugaleysis og lélegs sjálfsálits, alveg óháð aldri, kyni, heilsufari, æfingarútínu eða aukningu á líkamlegum styrk. Hún er því að minnsta kosti góður stuðningur við aðra þunglyndismeðferð og Gordon segir að svo virðist sem þjálfunin geri meira gagn fyrir andlega líðan eftir því sem þunglyndiseinkennin eru verri.

Þar sem rannsóknin var alfarið byggð á niðurstöðum fyrri rannsókna var samt ekki hægt að svara því hvers vegna mótstöðuþjálfun hefur jákvæð áhrif né sýna orsakasambandið.



Æfingar með lóð eru ein tegund mótstöðuþjálfunar sem getur dregið úr einkennum þunglyndis. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Brett Gordon, sem er aðalhöfundur rannsóknarinnar, segir að mótstöðuþjálfun lækni ekki þunglyndi, en að niðurstöðurnar séu áhugaverðar, ekki síst þar sem þessi þjálfun sé aðgengileg, ódýr og hægt sé að stunda hana heima fyrir.**

## Allar æfingar hjálpa

Gordon segir að það sé ekki hægt að nefna neina eina æfingu eða æfingarútínu sem sé best fyrir geðheilsuna og allar gerðir mótstöðuþjálfunar hjálpi. Hann leggur til að fólk fylgi leiðbeiningunum frá American College of Sports Medicine, sem mæla með því að stunda styrktarþjálfun að minnsta kosti tvo daga í viku og gera átta til tólf endurtekningar á átta til tíu ólíkum styrktaræfingum í hvert sinn.

Mótstöðuþjálfun þarf líka ekki að snúast um lyftingar á lóðum. Það er hægt að nota alls kyns teygjubönd og æfingatæki til að stunda hana.

## Getur verið öflugt vopn

Það er ekki nýr sannleikur að líkamsrækt bæti andlega heilsu og því kemur niðurstaða rannsóknarinnar ekki á óvart. Aðrar rannsóknir hafa gefið til kynna að með því að auka blóðflæði til heilans geti líkamsrækt breytt uppbyggingu og virkni heilans, skapað nýjar heilafrumur og framkallað losun á boðefnum sem bæta skapið.

Þó að í þessari rannsókn hafi einungis verið könnuð áhrif styrktaræfinga hafa ýmsar rannsóknir sýnt fram á að líkamsrækt dragi úr þunglyndiseinkennum og Gordon segir að það sé enginn marktækur munur á áhrifum mótstöðuþjálfunar og þolþjálfunar á þunglyndiseinkenni.

Auðvitað eru margir flóknir þættir sem móta geðheilsu og líkamsrækt ein og sér eyðir ekki þunglyndiseinkennum. Það getur líka verið mjög erfitt fyrir þunglyndan einstakling að finna orkuna og metnaðinn til að hefja líkamsrækt. En Gordon segir að þessi samantekt sýni að mótstöðuþjálfun geti verið öflugt vopn í baráttunni gegn þunglyndi.



MAGNESÍUM VÖKVI FRÁ FLORADIX

Magnesíum er nauðsynlegt líkamanum.
Magnesíum hjálpar til við vöðva og taugaslökun.

Bragðgóð steinefnablanda sem inniheldur magnesíum úr lífrænum jurtum.

Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og heilsuhillum verslana



# Hafnarfjörður

ÞRIÐJUDAGUR 15. MAÍ 2018

**Kynningar:** Spánarheimili, Fjörður, Hafnarfjarðarkaupstaður, Von Mathús




Starfsfólk fasteignarmiðlunarinnar Spánarheimila (f.v.): Bjarni Sigurðsson, Bjarni Haukur Magnússon, Guðbjörg Hannesdóttir, Hrafnhildur Ósk Eiriksdóttir, Baldur Heimisson og Reynir Logi Ólafsson. Á myndina vantar Susana Garcia Vega.

# Annað heimili í sólinni

Sífellt fleiri Íslendingar kaupa fasteignir á Spáni enda býður landið upp á hagstætt verðlag og stöðuga veðurblíðu. Spánarheimili, sem er staðsett í Firðinum í Hafnarfirði, hefur þá sérstöðu að vera eina fasteignamiðlunin sem hefur bæði skrifstofu og starfsmenn á Íslandi og á Spáni.

Mikill vöxtur hefur verið í sölu fasteigna á Spáni undanfarið ár eftir að gjaldeyrishöftin voru afnumin í mars á síðasta ári. Íslendingar hafa alltaf haft sterkar taugar til Spánar enda býður landið upp á hagstætt verðlag, stöðuga veðurblíðu, fallegar strandir og góða golfvelli svo fátt eitt sé talið.

Sú fasteignamiðlun sem er í fararbroddi þegar kemur að sölu fasteigna á Spáni hér á landi heitir Spánarheimili og er staðsett í Hafnarfirði. Spánarheimili er tíu ára gamalt fyrirtæki og hefur m.a. þá sérstöðu að vera eina fasteignamiðlunin sem hefur bæði skrifstofu og starfsmenn á Íslandi og á Spáni. Starfsmenn Spánarheimila, sem eru sjö talsins, búa allir eða hafa búið á Spáni og er því óhætt að segja að þeir þekki aðstæður mjög vel segir Bjarni Sigurðsson, framkvæmdastjóri Spánarheimila. „Við búum yfir öflugum og reynslumiklum hópi starfsmanna sem m.a. telur tvo íslenska og einn spænskan lögfræðing ásamt íslenskum fyrrverandi útibússtjóra spænsks banka. Starfsfólk okkar hefur áralanga reynslu af sölu og fjármögnun fasteigna á Spáni og þekkir því vel til allra aðstæðna og staðhátta á Costa Blanca svæðinu. Costa Blanca er á Suðaustur-Spáni en það er markaðssvæðið sem við einbeitum okkur að enda stærsta orlofshúsabyggð í Evrópu auk þess sem það er beint flug til og frá Íslandi á svæðið. Einnig seljum við eignir á Tenerife á Kanaríeyjum. Verð fasteigna á þessum slóðum er mjög hagstætt og segja má að hægt sé að selja sumarbústað á Íslandi og kaupa góða eign í sólinni fyrir peninginn í staðinn.“

**Framhald á síðu 2**

**Framhald af forsíðu ➪**

## Eignir í öllum verðflokkum

Þær eignir sem Spánarheimili selja eru í öllum verð- og stærðarflokkum að sögn Bjarna, frá minni blokkaríbúðum yfir í stór einbýlishús. Hann segir starfsmenn leggja mikinn metnað í að þjónusta viðskiptavini sína vel, allt frá fyrsta fundi í Hafnarfirði og í einhvern tíma eftir kaupin svo tryggt sé að búið sé að ganga frá öllum lausum endum og kaupendur komnir vel inn í spænskt samfélag. „Ferlið byrjar á einkaviðtali á skrifstofu okkar í Hafnarfirði þar sem farið er í gegnum allt ferlið. Við sýnum viðskiptavinum aðstæður á myndrænu formi, förum vel yfir úrval fasteigna og þessi helstu atriði. Þegar viðskiptavinur er búinn að þrengja valkostina er næsta skref að fara í skoðunarferð til Spánar. Hægt er að velja um 3, 5 eða 7 daga skoðunarferð á 29.999-49.999 kr. Þar sem flug og gisting er innifalin en þá er gist í sambærilegu húsnæði og verið er að skoða. Ef kaupin ganga í gegn fæst þessi kostnaður endurgreiddur.“

## Frábær þjónusta

Þegar væntanlegir kaupendur mæta til Spánar tekur íslenskur starfsmaður á móti þeim og keyrir þau að gististaðnum. Hann segir kaupferli fasteigna á Spáni mjög frábrugðið því sem þekkist á Íslandi og því sé ómetanlegt að hafa starfsmenn þeirra sér til aðstoðar. „Daginn eftir er svo farið í skoðunarferð yfir svæðið, fasteignir skoðaðar sem falla undir óskir þeirra, bankar heimsóttir þar sem m.a. er farið yfir fjármögnun, bankaviðskipti á Spáni og hvernig hægt er að sækja um spænska kennitölu. Ef ákvörðun er tekin um kaup er gerður samningur og við aðstoðum að sjálfsögðu við allt ferlið, t.d. er snýr að lögfræðiþjónustu, fjármögnun, tilboðum í lán og hugsanlega leiguumsjón. Utan þess aðstoðum við líka við þætti eins og kaup á húsgögnum ef þess þarf, þjónustu iðnaðarmanna ef þess þarf, komum á netsambandi og fleiri praktískum þáttum. Þegar kaupendur hafa fengið eignina afhenta aðstoðum við líka við þætti eins og húsfélagsfundi, hita og rafmagn, aðstoðum við ýmis samskipti við bæjarfélagið og bara almennt við að koma kaupendum hratt og örugglega inn í spænskt samfélag þar sem þeir munu eiga sitt annað heimili um ókomin ár.“

Nánari upplýsingar má finna á www.spanarheimili.is.



Fasteignirnar í Lomas de Cabo Roig eru einstaklega glæsilegar.



Fasteignirnar eru glæsilegar í La Zenia en svæðið er eitt það vinsælasta í þessum hluta Spánar.




Við opnun nýju skrifstofunnar sem er til húsa í verslunarmiðstöðinni Firðinum í Hafnarfirði.



Notaleg sundlaugin, pálmatrén og stöðugt veðurfar gerir dvölina á Spáni ógleymanlega.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Sigurgeir Hreggviðsson sigurgeir@frettabladid.is s, 512 5658 | Veffang: frettabladid.is

# Fjörðurinn aldrei verið betri

**Verslunarmiðstöðin Fjörður í miðbæ Hafnarfjarðar er sannkallað hjarta verslunar, þjónustu og samgangna í Hafnarfirði. Þar er að finna fjölda verslana, kaffihús og veitingahús. Um ein milljón viðskiptavina fer þar í gegn á hverju ári. Ný matvöruverslun var opnuð nýlega.**

Samkaup hafa opna nýja Krambúð í Firði verslunarmiðstöð. Krambúðirnar eru þar með orðnar átta talsins. Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa, segist spenntur fyrir opnun Krambúðarinnar í Firðinum.

„Það er ánægjulegt að fá tækifæri til þess að opna hér verslun. Fjörðurinn er í mikilli uppbyggingu og það rímar við framtíðarsýn Samkaupa,“ segir Gunnar en til stendur að stækka verslunarkjarnann enn frekar og auðga þar með miðbæjarlífið í Hafnarfirði. Efri hæðir viðbyggingarinnar munu hýsa hótel.

### Þægindaverslun

Gunnar Egill segir Krambúðina svokallaða þægindaverslun. Krambúðirnar einkenni langur opnunartími og úrval helstu heimilisvara á sanngjörnu verði. „Viðskiptavinir okkar ganga að tilboðum vísum og geta gripið með sér nýbakað brauð og kaffi þegar þeir eru á hraðferð en mikil eftirspurn er eftir slíkri þjónustu. Við höfum mætt þeirri eftirspurn með því að endurnýja og stækka verslanirnar og með því að opna fleiri,“ segir Gunnar.




**Valdimar Guðmundsson, verslunarstjóri nýju Krambúðarinnar, og Guðmundur Bjarni Harðarson, framkvæmdastjóri Fjarðar, bjóða viðskiptavini velkomna í Fjörðinn.** MYNDIR/ANTON BRINK




Dótabúðin Leikfangaland þekur 300 m² í Firðinum. Sylvía Pálsdóttir er verslunarstjóri Leikfangalandsins.




Langur opnunartími og úrval heimilisvara á sanngjörnu verði einkennir Krambúðirnar.



Verslunin Úr og gull hefur verið í Firðinum frá upphafi eða í 23 ár. Elísabet Böðvarsdóttir verslunarstjóri býður fólk velkomið.



Í Kökulist er hægt að kaupa veitingar bæði til þess að njóta á staðnum og grípa með.




Meðal þjónustaaðila í Firðinum er Pósturinn.



Smart Boutique býður úrval glæsilegra skinnvara.



Vigdís Erla Grétarsdóttir er verslunarstjóri Skóhallarinnar.

## Gott úrval í Skóhöllinni

Skóhöllin hefur boðið breitt úrval skófatnaðar á alla fjölskylduna í 13 ár í Firðinum. Vigdís Erla Grétarsdóttir, eigandi Skóhallarinnar, leggur áherslu á persónulega og góða þjónustu. „Við tökum vel á móti viðskiptavinum og hér ættu allir að geta fundið skó við sitt hæfi,“ segir Vigdís. „Hér fást merki eins og Tamaris, SixMix, Skechers, Marco Tozzi og Imac. Við bjóðum einnig mikið úrval af sokkabuxum og sokkum frá Falke og þá höfum við gott úrval af veskjum og töskum.“




Jóhanna Júlíusdóttir býður konur á öllum aldri velkomnar í verslunina Konu.

## Vönduð hönnun í Konu

Mosh Mosh, Créton og Carla eru meðal merkja sem verslunin Kona býður upp á. Laufey Vilhjálmsdóttir, eigandi Konu, segist leggja áherslu á að bjóða öðruvísi vöruúrval en annars staðar. Verslunin býður einnig fatnað frá spænska merkinu Desiguel sem nýtur mikilla vinsælda. „Fötin frá Mosh Mosh eru töff meðan Créton leggur áherslu á fágun og klassík. Þeir sem vilja fara mitt á milli geta fundið það sem þeir leita að í Carla,“ segir Laufey.



Það er afslappaður og notalegur sjarmi yfir miðbæ Hafnarfjarðar.

# Miðbær Hafnarfjarðar er að breytast í Notting Hill

Fjöldi nýrra veitingastaða og kaffihúsa í miðbæ Hafnarfjarðar hefur gjörbreytt landslaginu og íbúar nærliggjandi sveitarfélaga kjósa orðið Fjörðinn fram yfir ferðalag í höfuðstaðinn.

Nokkur ár eru liðin frá því að hin ástsæla hljómsveit Papar söng um Hafnarfjörð og hversu erfitt það væri að yfirgefa bæinn. Miðað við bæjarbraginn þessi dægrin er ljóst að þær textasmíðar eiga jafnvel betur við í dag en þá og fullyrða má að íbúar sveitarfélagsins séu í miklum meirihluta ánægðir með þær breytingar sem orðið hafa á miðbænum. Þá ánægju mátti meðal annars lesa út úr árlegri þjónustukönnun sem Gallup gerir en samkvæmt nýlegum niðurstöðum hennar eru 91% íbúa Hafnarfjarðar ánægðir með sveitarfélagið sem stað til að búa á.

„Miðbær Hafnarfjarðar hýsir marga bestu og jafnframt skemmtilegustu veitingastaði og kaffihús,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs, og bætir við að hún vilji helst gera orð Einars Bárðasonar, samskiptastjóra Hafnarfjarðar, að sínum en í færslu á samfélagsmiðlinum Facebook nýverið líkti hann Hafnarfirði við Notting Hill hverfið í London. Nefndi Einar að í bænum mætti finna lítil kaffihús og litlar búðir sem rekin væru af heimamönnum en færri útibú stærri fyrirtækja. Og allt um kring mætti merkja þennan sérstaka bæjarbrag.

Rósa segir að miðbær Hafnarfjarðar hafi ávallt verið nokkuð líflegur en engu að síður hafi á undanförnum misserum orðið mikil breyting. „Ég má til með að nefna að tvö ný og sérlega metnaðarfull veitingahús, VON mathús og



Brikk, kaffihús og bakarí við Norðurbakkann hefur verið mjög vinsæll áningarstaður hjá Hafnfirðingum og nærsveitamönnum.



Bókakaffi á Norðurbakkanum setur skemmtilegan svip á bæjarumhverfið.

> „Hugmyndasamkeppni verður um framtíðarskipulag og niðurstöður ættu að liggja fyrir á 100 ára afmæli bæjarins 1. júní.

Krydd, bættust við blómlega flóru og tel ég að þau séu svolítið að færa matarmenninguna í bænum upp á nýjan stall. Við sjáum einnig að það eru ekki eingöngu Hafnfirðingar sem eru að sækja þessi veitingahús heldur kemur fólk alls staðar að af höfuðborgarsvæðinu í Fjörðinn til að gera vel við sig í mat og drykk.“

Þá nefnir Rósa að eftir endurlífgun Bæjarbíós, sem er við Strandgötu, í hjarta bæjarins, sé tónleikahald í bænum komið í fastar skorður og svo gott sem vikulega fái íbúar Hafnarfjarðar, og nærsveitamenn, tækifæri til að berja augum vinsælustu hljómsveitir landsins. „Bæjarbíó er að toppa sig í tónleikahaldi nánast í hverri viku og til merkis um það má nefna að Mammút spilar á fimmtudag og Prins Póló stígur á svið á föstudaginn. Í næstu viku eru það svo Dúndurfréttir sem sjá um skemmtanahald. Þetta setur svip sinn á bæinn og auðvitað eru það lífsgæði að þurfa ekki að fara út fyrir bæjarmörkin til að sjá flottustu listamennina,“ segir Rósa.

## Verslunin blómstrar

Kaffihúsamenningin í Hafnarfirði hefur einnig breyst með tilkomu fleiri staða. „Súfistinn er auðvitað eitt elsta og skemmtilegasta kaffihús landsins og samgróið Hafnfirðingum en það fær verðuga samkeppni frá viðbótum á borð við hið litríka Pallett, bókakaffið Norðurbakka og Brikk en segja má að það síðastnefnda hafi hreinlega slegið í gegn. Og öll þessi dásamlegu kaffihús eru á einhverjum þriggja mínútna radíus. Og enn eru að bætast við staðir.“

Meðfram öllum þessum breytingum segir Rósa að verslun blómstri í miðbæ Hafnarfjarðar sem aldrei fyrr. Þar sé meðal annars hægt að finna fallega hönnunar- og gjafavöru. „Hér eru verð töluvert skaplegri en í miðborg Reykjavíkur, næg bílastæði, almenningssamgöngur góðar og sérlega vel skipulagðir hjólastígar. Hafnarfjörður er því tilvalinn áfangastaður fyrir alla sem vilja njóta en ekki þjóta.“

Hvað uppbyggingu til framtíðar varðar segir Rósa margt í deiglunni, meðal annars í tengslum við hafnarsvæðið í grennd við miðbæinn. Þar er gert ráð fyrir að byggja upp þétta og blandaða byggð með verslun og þjónustu. Haldin var hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulagið og mun niðurstaða dómnefndar liggja fyrir eigi síðar en á 100 ára kaupstaðarafmæli bæjarins, þann 1. júní næstkomandi. „Það er margt spennandi fram undan í miðbæ Hafnarfjarðar og óhætt að segja að borgarstemning sé að myndast í bænum.“



Í nýju Hraunahverfi, Hraun-Vestur, mun á næstu árum verða til líflegt umhverfi fyrir alls konar fólk.

# Byggt verður upp fimm mínútna hverfi



Hverfið fékk á hönnunarstiginu viðurnefnið „Fimm mínútna hverfið“ en sú hugmynd gengur út á að íbúar hverfisins geti fengið flesta þá þjónustu sem nauðsynleg er í ekki meira en fimm mínútna fjarlægð frá miðju hverfisins.



MYND/ GUÐMUNDUR FYLKISSON

**Hraun-Vestur verður glæsilegt hverfi og andlit Hafnarfjarðar með áherslu á náttúrufegurð og kyrrð en einnig þéttari byggð með íbúðum, vinnustöðum, stofnunum, verslunum og þjónustu.**

Í nýju Hraunahverfi, Hraun-Vestur, mun á næstu árum verða til líflegt umhverfi fyrir alls konar fólk. Hverfið verður aðlaðandi fyrir barnafjölskyldur, einstaklinga og eldri borgara, fólk sem kýs að sækja grunnþjónustu innan hverfisins og lágmarka notkun einkabílsins. Við uppbygginguna verður það sett að markmiði að ná fram fjölbreyttu borgarumhverfi þar sem hægt er að ganga með börnin í skóla eða leikskóla, nota almenningssamgöngur til vinnu og koma við í búðinni að loknum vinnudegi og áður en börnin eru sótt á frístundaheimilið.

Hverfið hefur verið í hönnun og undirbúningi undanfarin ár og ættu framkvæmdir að geta hafist upp úr næstu áramótum. Hverfið fékk á hönnunarstiginu viðurnefnið „Fimm mínútna hverfið“ en sú hugmynd gengur út á að íbúar hverfisins geti fengið flesta þá þjónustu sem nauðsynleg er í ekki meira en fimm mínútna fjarlægð frá miðju hverfisins. Þar er því sleginn nýr tónn í skipulagsmálum. Áhersla verður lögð á góða blöndun íbúðabyggðar, þjónustu, létts iðnaðar, verslana, skóla-, dagvistunar- og frístundasvæða. „Sífellt er kallað eftir fleiri og nýjum möguleikum í húsnæði og er ungt fólk sem er að stofna fjölskyldur margt með aðrar áherslur í þeim efnum en þeir sem eldri eru. Einnig þeir sem eru að minnka við sig húsnæði. Í dag gera sífellt fleiri auknar kröfur um betri nýtingu fermetra húsnæðis og lóðar. Eftirsóknarvert þykir orðið að búa í hverfi þar sem stutt er í þjónustu, almenningssamgöngur og græn svæði,“ segja Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs, og Guðlaug Svala Steinunnar Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar, í nýlegri grein um Hraun-Vestur.

## Glæsilegt andlit Hafnarfjarðar

Unnið hefur verið að hugmyndum um Hraun-Vestur allt þetta kjörtímabil og er það í samræmi við áralangar umræður um nýja sýn á svokallaðri framhlið Hafnarfjarðar. „Hraun-Vestur er ekki bara ný glæsileg framtíðarsýn heldur verður hverfið nýtt glæsilegt andlit Hafnarfjarðar sem mun gera okkur öll stolt af því að bjóða gesti og nýja íbúa velkomna,“ segir jafnframt í ofangreindri grein.



Rósa Guðbjartsdóttir.

Eins og áður segir er stefnt að því að Hraun-Vestur verði „fimm mínútna hverfi“ en engu að síður verða staðsetningar helstu grunnþjónustu, eins og skóla, leikskóla, bílastæðahúsa, bílastæðakjallara og helstu tenginga við almenningssamgöngur með einnar mínútna millibili. Breiðgötur munu liggja báðum megin við hverfið, Fjarðarhraun og Reykjavíkurvegur, og fyrirhuguð Borgarlína fer líklega um Reykjavíkurveg og tengir því hverfið vel höfuðborgarsvæðinu. Borgargötur mynda helstu þvertengingar í gegnum hverfið og við þær er gert ráð fyrir líflegri verslun. Þá munu almenningssamgöngur fara um borgargöturnar og hjólreiðastígar liggja við þær. Bílastæði verða í bílastæðahúsum, bílakjöllurum og götúrýmum en útfærslur á götumynd verða að norrænni fyrirmynd.

„Gildi umhverfisverndar og vitund um gæði og betri nýtingu fellur vel að lífsstíl fólks á öllum aldri. Það er áskorun en um leið frábært tækifæri að geta mætt þeim gildum með nýju hverfi og um leið nýju andliti Hafnarfjarðar. Við teljum að Hraun-Vestur sé einmitt sú borgarmynd sem fólk aðhyllist í auknum mæli og uppfyllir óskir um nærumhverfið. Þannig getur Hafnarfjarðarbær bæði státað af því að bjóða frábæra möguleika fyrir þá sem vilja hefðbundið hverfafyrirkomulag fyrir íbúðarhús, parhús, raðhús og fjölbýli þar sem áherslan er á náttúrufegurð og kyrrð en líka þéttari byggð í hverfi sem er nokkurs konar „smáborg í borg“.“

Uppbygging Hraun-Vestur verður í áföngum og er gert ráð fyrir að hverfið í heild byggist á um tíu til tuttugu árum.

# Víkingahátíð á Víðistaðatúni

Víkingahátíð hefur verið haldin í Hafnarfirði í hartnær tvo áratugi, oftast kringum 17. júní. Víkingafélagið Rimmugýgur hefur tekið við hátíðinni sem í ár verður haldin á Víðistaðatúni. Hafsteinn Pétursson og Haukur Hallsteinsson eru félagar í Rimmugýgi.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



Fyrsta víkingahátíðin í Hafnarfirði var haldin á Víðistaðatúni árið 1995 og þetta er fjórða hátíðin sem verður haldin þar," segir Hafsteinn sem hefur veitt Rimmugýgi forstöðu frá upphafi. „Þetta er eiginlega svona endurvakning á fyrstu hátíðinni," bætir Haukur við en hann er svokallaður búðastjóri. „Jóhannes á Fjörukránni hefur staðið að hátíðinni undanfarin ár en hefur ákveðið að draga sig út úr þessu hátíðahaldi og þar sem Rimmugýgur hefur verið þátttakandi í Víkingahátíð í Hafnarfirði frá upphafi fannst okkur viðeigandi að snúa aftur til upphafsins."

Þeir segja að þessi hátíð verði í grunninn eins og hátíðin við Fjörukrána. „Það verða veitingar til sölu og bardagasýningar, handverk, markaður og víkingaskóli barnanna eins og verið hefur," segir Hafsteinn," en við rukkum ekki aðgangseyri, sem er kannski ein helsta breytingin." Haukur segir enn fremur að það sé að mörgu leyti betra að vera á grasi. „Á túninu erum við miklu nær náttúrunni og þeim heimi sem við viljum búa til. En gallinn er sá að við erum ekki jafn miðsvæðis og þegar við erum í hjarta Hafnarfjarðar. Við efumst samt ekkert um að fólk muni finna okkur því Víðistaðakirkja er mjög auðvelt kennileiti," segir Haukur.

Stofnfélagar í Rimmugýgi voru sjö en í félagi eru nú um 200 félagar, þar af hundrað og fimmtíu sem eru virkir í starfinu. „Við erum héðan og þaðan," segir Hafsteinn. „Mest af höfuðborgarsvæðinu þó að þó nokkrir félagar búi úti á landi eða erlendis. Á sumrin förum við milli hátíða, bæði hér á landi og erlendis með tjaldbúðirnar okkar og búnaðinn en á veturna æfum við bardaga og bogfimi og sinnum handverki." Haukur bætir við að félagið geri ákveðnar kröfur um að búnaður og fatnaður fylgi settum reglum. „Félagar þurfa helst að sauma sinn eigin búning og við höfum mjög flinkar saumakonur og saumamenn sem eru mjög dugleg að hjálpa öðrum að búa til sinn eigin útbúnað, hvort sem er fatnað, tjöld, skó, hanska og svo ýmsa muni sem við þurfum eins og eldunaráhöld og þess háttar."



**Tjöld og allur búnaður félagsmanna í Rimmugýgi er handgerður af félagsmönnum en hægt verður að kynna sér handverk víkinga nánar á Víðistaðatúni 14.- 17. júní.** MYND/ÞORSTEINN R. INGÓLFSSON

Rimmugýgur er með félagsheimili og lögheimili í Hafnarfirði. „Hafnarfjarðarbær hefur staðið þétt við bakið á okkur undanfarin ár," segir Hafsteinn og Haukur bætir við: „Við finnum mikla velvild meðal bæjarbúa sem hafa verið duglegir að sækja hátíðina og vonumst til að sjá sem flesta á Víðistaðatúni í júní."

Víkingahátíðin stendur frá 14.-17. júní og er opin frá 13-19 alla dagana. Hún er haldin við Víðistaðakirkju þar sem eru bílastæði en einnig stoppar vagn númer eitt skammt frá. Aðgangur er ókeypis.



**Á Víkingahátíð má reyna sig í ýmsum íþróttum, meðal annars eggjakasti.** MYND/ÞORSTEINN R. INGÓLFSSON



**Bogfimi er eitt af því fjölmarga sem verður í boði á hátíðinni. Hér má sjá Elínu Reynisdóttur spenna bogann.** MYND/ÞORSTEINN R. INGÓLFSSON

# Það er VON í Hafnarfirði

Veitingaparið Kristjana Þura Bergþórsdóttir og Einar Hjaltason reka veitingahúsið VON mathús og bar við höfnina í Hafnarfirði. Þar er eldað af mikilli ástríðu og veittur húskokteill af krana.

Við létum drauminn rætast og opnuðum í desember 2015. Það hefur gengið ótrúlega vel. Þessi ár höfum við stigið okkar fyrstu skref í eigin rekstri og það er einstaklega skemmtilegt og lærdómsríkt ferli," segir Kristjana um draum þeirra Einars sem hefur blómstrað og dafnað allar götur síðan.

Saman eiga þau fjögurra ára dóttur og því geta dagarnir verið heilmikið púsluspil, eins og gengur.

„Vinnudagarnir geta verið langir og strangir en við njótum þess láns að fá ómetanlegan stuðning frá fjölskyldu og vinum. Án þeirra gætum við ekki unnið jafn vel að VON. Það er krefjandi og gefandi á sama tíma, alls ekki fyrir alla, en blóð, sviti og tár er lífsstíll," segir Kristjana hlæturmild.

## Kokteilar, stemning og íslensk matargerð

Kvöldseðill VONAR samanstendur af minni og stærri réttum; dýrindis kjöt-, fisk-, grænmetis- og veganréttum og gómsætum eftirréttum.

„Við bjóðum upp á eitthvað fyrir alla og leggjum mikið upp úr árstíðabundinni íslenskri matargerð, hvort sem það er grænmeti eða sjávarafurðir. Fiskinn fáum við glænýjan beint úr næsta húsi, eða frá Hafinu sem stendur við höfnina," útskýrir Kristjana. VON býður einnig úrval léttra rétta sem er tilvalið að deila og þriggja rétta samsettan matseðil.

Á VON er indælt að tylla sér inn og eiga notalega kvöldstund yfir mat og drykk.

„VON á alltaf vel við; í góðum félagsskap, með ástinni, fyrir tónleika eða leikhús. Á barnum er freistandi úrval kokteila og hægt að panta okkar vinsæla húskokteil beint af krana sem vakið hefur mikla lukku. Við lögum líka okkar eigið dásamlega súrsæta límonaði, bökum okkar eigið brauð á hverjum morgni og matreiðum allan mat frá grunni af mikilli ástríðu," segir Kristjana.

Í hádeginu á þriðjudögum til föstudags er „happy hour" af völdum drykkjum á VON þar sem framreiddir eru réttir dagsins á sanngjörnu verði, og á laugardögum er fjölskyldubrönsinn vinsæli og einnig er hægt að gæða sér á fiski dagsins, vöfflum, límonaði og mímósu, svo fátt sé upptalið. Lokað er á sunnudögum og mánudögum, en í júní, júlí og ágúst verður opið á sunnudagskvöldum.

„Okkur er kært að byggja upp heilbrigt og jákvætt vinnuumhverfi til lengdar, bæði fyrir okkur sjálf og starfsfólkið. Við erum fjölskyldurekinn staður og því er mikilvægt að allir fái hvíld inn á milli til að sinna fjölskyldunni og öðrum áhugamálum," segir Kristjana.

## Gott að lifa og starfa í Hafnarfirði

Kristjana er uppalinn Hafnfirðingur og segist aldrei hafa upplifað Hafnarfjörð eins og nú.

„Bærinn hefur breyst mikið undanfarin ár og það er yndislegt að fylgjast með iðandi mannlífi og lifandi starfi hér alla daga. Ný kaffi- og veitingahús gæða bæinn miklu lífi og Bæjarbíó heldur sannarlega áfram að toppa sig. Hafnfirðingar og gestir þeirra kunna svo sannarlega að meta fjölbreytni í þjónustu og verslun í þessum fagra bæ. Svo er náttúrlega alkunna að Hafnfirðingar eru hresst og skemmtilegt fólk heim að sækja," segir Kristjana og hlær.

Kristjana og Einar eru virk á samfélagsmiðlum og hægt að fylgjast með daglegu amstri á bak við tjöldin á vonmathus á Instagram og Facebook.

VON mathús og bar er á Strandgötu 75. Sjá vonmathus.is. Sími 583 6000. Netfang: info@vonmathus.is.



**Veitingaparið Kristjana Þura Bergþórsdóttir og Einar Hjaltason á VON mathúsi og bar.**



**VON er rómað fyrir ljúffengan mat úr fersku hráefni og matarupplifanir sem gleðja alla sem unna góðum mat.**



**VON mathús og bar er glæsilega innréttað og hægt að láta fara einkar vel um sig yfir gómsætri, íslenskri matargerð, dýrindis kokteilum og góðri þjónustu.**

# Golfnámskeið hjá Golfklúbbnum Keili

## Námskeið í stutta spilinu

**Pútt, há og lág vipp, fleyghögg og glompuhögg**

| Námskeið | | | PGA Kennari |
|---|---|---|---|
| 1 | 12:00 - 12:50 | 22., 24., 29. og 31. maí | Karl Ómar |
| 2 | 17:00 - 17:50 | 22., 24., 29. og 31. maí | Björn Kristinn |
| 3 | 19:00 - 19:50 | 22., 24., 29. og 31. maí | Karl Ómar |
| 4 | 18:00 - 18:50 | 28., 30. maí og 4., 6. júní | Björn Kristinn |
| 5 | 19:00 - 19:50 | 28., 30. maí og 4., 6. júní | Björn Kristinn |
| 6 | 18:00 - 18:50 | 29., 31. maí og 5., 7. júní | Björn Kristinn |
| 7 | 19:00 - 19:50 | 29., 31. maí og 5., 7. júní | Björn Kristinn |

*Þrír til fimm nemendur í hverjum hóp*
*Verð 12.000 kr.-*
*Ath. boltar eru ekki innifaldir í verði*
*Tímarnir henta bæði fyrir byrjendur og lengra komna.*

**Skráning er á netfangið Kalli@keilir.is**

## Pútt, vipp, járnahögg og teighögg

**Gott ráð er að láta PGA kennara athuga tæknina hjá sér fyrir sumarið**

| Námskeið | | | PGA Kennari |
|---|---|---|---|
| 8 | 09:00 - 0 9:50 | 28., 30. maí, 4., 6. og 11. júní | Björn Kristinn |
| 9 | 12:00 - 12:50 | 28., 30. maí, 4., 6. og 11.júní | Björn Kristinn |
| 10 | 19:00 - 19:50 | 5., 7., 12., 14., og 19. júní | Karl Ómar |

*Þrír til fimm nemendur í hverjum hóp*
*Verð 15.000 kr.-*
*Ath. boltar eru ekki innifaldir í verði*
*Tímarnir henta bæði fyrir byrjendur og lengra komna.*

**Skráning er á netfangið Kalli@keilir.is**

## Námskeið fyrir nýja félaga í Keili

**Námskeiðin eru eingöngu ætluð þeim sem eru að stíga sín fyrstu spor í golfíþróttinni og eru innifalin í nýrri aðild að Golfklúbbnum Keili.**

**Golfklúbburinn Keilir hefur það á stefnuskrá sinni að taka vel á móti öllum nýjum félögum og sjá til þess að þeim standi til boða fræðsla og þjálfun í golfleiknum.**

### Hópur 1

**Grunnatriði í sveilfu og stutta spilinu**
Þriðjudagur 22. maí kl. 18:00 til 20:00 — Björgvin og Björn

**Fundur með golfdómara, golf.is**
Miðvikudagur 23. maí kl. 19:00 til 20:30 — Hörður Geirsson

**Leikur á Sveinkotsvelli**
Fimmtudagur 24. maí kl. 18:00 til 20:00 — Björgvin og Björn

### Hópur 2

**Grunnatriði í sveilfu og stutta spilinu**
Þriðjudagur 5. júní kl. 18:00 til 20:00 — Björgvin og Björn

**Fundur með golfdómara**
Miðvikudagur 6. Júní í kl. 19:00 til 20:30 — Hörður Geirsson

**Leikur á Sveinkotsvelli**
Fimmtudagur 7. júní kl. 18:00 til 20:00 — Björgvin og Björn

**Skráning er á netfangið Kalli@keilir.is**

*Farið er í gegnum grunnatriði í púttum, stutta spilinu og grunnatriði í sveiflu. Í leikur á velli hlutanum sýna kennarar hvernig við berum okkar að við að leika golf og fara í helstu reglur og siði. Til þess að fá heimild til þess að leika á Hvaleyrarvelli er gert ráð fyrir að fólk hafi farið á námskeið hjá klúbbnum ásamt því að hafa náð forgjafarlágmarki (34,4). Þeir kylfingar sem hafa verið áður í golfklúbbi eða eru komin með forgjöf þurfa ekki að sækja þessi námskeið.*

## Byrjendanámskeið í golfi

**Lærðu grunnatriðin í golfi í púttum, vippum og sveiflu hjá PGA golfkennara. Í lok námskeiðs eru leiknar 2-3 holur á Sveinskotsvelli. Það er gaman í golfi og þetta er kjörin leið til að kynnast íþróttinni.**

| Námskeið | | | |
|---|---|---|---|
| 11 | 10:00 - 12:00 | Helgin 26. - 27. maí | PGA golfkennari |
| 12 | 10:00 - 12:00 | Helgin 2. - 3. júní | PGA golfkennari |
| 13 | 10:00 - 12:00 | Helgin 23. - 24. júní | PGA golfkennari |
| 14 | 10:00 - 12:00 | Helgin 25. - 26. ágúst | PGA golfkennari |

*Fjórir til tólf nemendur í hóp*
*Verð 16.000 kr.-*
*Hægt er að fá lánaðar kylfur og kúlur á staðnum.*

**Skráning er á netfangið Kalli@keilir.is**




**Markmið skólans er að fyrstu kynni af golfi eru jákvæð og það er gaman að leika golf**

- farið er í helstu þætti golfleiksins, allt frá púttum til upphafshögga
- leiknar eru nokkrar golfholur á golfvelli
- kennsla er gjarnan í formi þrauta og golfleikja
- áhersla er á að kynna helstu golfsiði og golfreglur fyrir krökkunum

**Dagsetningar í sumar:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | 11. - 15. júní | Fimm dagar (mán. til föst.) | 14.000 kr.- |
| 2. | 18. - 22. júní | Fimm dagar (mán. til föst.) | 14.000 kr.- |
| 3. | 25. - 29. júní | Fimm dagar (mán. til föst.) | 14.000 kr.- |
| 4. | 2. - 6. júlí | Fimm dagar (mán. til föst.) | 14.000 kr.- |
| 5. | 16. - 19. júlí | Fjórir dagar (mán. til fim.) | 11.000 kr.- |
| 6. | 30. júlí - 3. ágúst | Fimm dagar (mán. til föst.) | 14.000 kr.- |
| 7. | 13. - 15. ágúst | Þrír dagar (mán. til mið.) | 8.500 kr.- |

Hægt er að velja um að vera á námskeiði **frá kl. 9:00-11:30 eða kl. 13:00 -15:30.**

Í boði er að fá lánaðan U.S.Kids Golf útbúnað meðan á námskeiði stendur.

Allir eiga að mæta með hollt og gott nesti.

Golfleikjanámskeiðin kosta 14.000 kr.- fyrir fimm daga.
Veittur er **20% systkinaafsláttur** og einnig ef viðkomandi sækir fleiri en eitt námskeið.

Umsjón með golfleikjaskólanum hefur Karl Ómar Karlsson íþróttastjóri Keilis og veitir hann allar nánari upplýsingar á netfangið kalli@keilir.is

Námskeiðum lýkur með pylsuveislu og afhendingu viðurkenningarskjals frá Keili.

**Skráning hefst 10. maí 2018.** Skráning fer fram rafrænt á keilir.felog.is
Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna inn á keilir.is undir liðnum íþróttastarf

Hraunkot
Golfæfingasvæði



Ásvallalaug er 50 metra löng og hentar vel fyrir sundkeppni. MYND/VALLI

# Sundlaugar opnar lengur í sumar

Í Hafnarfirði eru þrjár góðar sundlaugar, Suðurbæjarlaug, Ásvallalaug og Sundhöllin sem er sú elsta í bænum. Ákveðið hefur verið að lengja opnunartíma sundlauganna í sumar. Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug verða opnar frá kl. 6.30-22 á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Á föstudögum er opið til 20 en á laugardögum er opið frá 8-18 og sunnudögum frá 8-17.

Frá 3. júní verður sérstök sumaropnun í Suðurbæjarlaug á sunnudögum en þá verður laugin opin frá 9-21 og gildir það út júlí.

Sundhöllin í Hafnarfirði er opin alla virka daga frá 6.30-21. Sundhöll Hafnarfjarðar var fyrsta sundlaugin í Hafnarfirði. Í fyrstu var aðeins um að ræða útilaug við Krosseyrarmalir sem tekin var í notkun árið 1943. Árið 1953 var síðan Sundhöllin sjálf tekin í notkun eftir að byggt var yfir útilaugina. Laugin er mikið notuð af eldri borgurum enda er þar rólegt og afslappað umhverfi.

Ásvallalaugin er nýjasta laugin í Hafnarfirði en hún var vígð árið 2008. Þar er 50 metra keppnislaug auk 17 metra barnalaugar. Laugin er innanhúss og vinsæl hjá barnafólki og sundköppum.



Það er alltaf eitthvað um að vera á Bókasafni Hafnarfjarðar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Spennandi dagskrá á bókasafninu

Bókasafn Hafnarfjarðar er með fjölbreytta dagskrá allt árið um kring. Á laugardaginn kl. 14.00 verður notaleg sögustund á barnadeild bókasafnsins en þá ætlar Guðrún Kristinsdóttir að lesa úr bókinni Á skyndihæð sem nýlega kom út í hennar þýðingu. Um er að ræða hugljúfa sögu fyrir börn á aldrinum 3-8 ára og eru allir velkomnir. Foreldramorgnar eru haldnir annan hvern þriðjudag kl. 10-12 en þá er boðið upp á áhugaverða fyrirlestra og kynningar um ýmislegt sem tengist ungbörnum og barnauppeldi. Sá næsti er á dagskrá þann 22. maí. Handavinna er svo í aðalhlutverki annan hvern fimmtudag en þá eru allir velkomnir með handavinnuna sína og engin krafa gerð um handvinnukunnáttu. Starfsmaður er á staðnum og aðstoðar eftir þörfum, auk þess sem boðið er upp á einfalt verkefni í prjóni eða hekli fyrir áhugasama í viku hverri. Næsti handavinnufundur verður fimmtudaginn 24. maí kl. 17-19.

# Vímuefnaneysla hafnfirskra ungmenna minnkar

Samkvæmt nýrri könnun á lýðheilsu ungmenna í 8., 9. og 10. bekk í Hafnarfirði hefur vímuefnaneysla þeirra dregist verulega saman síðustu tvo áratugi.

Í skýrslu sem unnin var úr könnuninni má finna samanburðartölur sem sýna þróun á neyslu tíundubekkinga á áfengi, tóbaki og kannabisefnum síðan árið 1998.

Það ár höfðu 42% ungmennanna orðið drukkin síðustu 30 daga, 24% reyktu daglega og 17% höfðu notað hass.

Árið 2008 höfðu tölurnar lækkað töluvert. Þá höfðu 18% ungmennanna orðið drukkin síðustu 30 daga, 10% reyktu daglega og sjö prósent höfðu notað hass.

Árið 2018 eru þessar tölur svo búnar að lækka enn meira. Nú hafa aðeins 6% orðið drukkin síðustu 30 daga, tvö prósent reykja daglega og tvö prósent hafa notað hass. Árið 2009 var byrjað að spyrja um marijúananeyslu og það ár höfðu 8% notað marijúana, en árið 2018 er sú tala sjö prósent.

Vímuefnaneysla ungmenna í 10. bekk hefur því minnkað gríðarlega síðustu tvo áratugi, þótt kannabisneysla virðist hafa staðið í stað síðasta áratug, en hún hafði minnkað mikið fyrir það.

Um 900 unglingar tóku þátt í könnuninni og hægt er að lesa skýrsluna um niðurstöður hennar á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.




Höldum áfram
+ fyrir Hafnarfjörð



VIÐ ÆTLUM AÐ...

+ Tryggja að framkvæmdum verði lokið við tvöföldun Reykjanesbrautar og endurgerð gatnamóta við Setberg og Kaplakrika
+ Halda áfram á braut ábyrgrar fjármálastjórnunar bæjarfélagsins
+ Endurbyggja Suðurbæjarlaug og stórbæta aðstöðu þar
+ Lækka innritunaraldur barna í leikskóla úr 15 í 12 mánuði
+ Skipuleggja íbúðir með þjónustukjarna fyrir eldri borgara miðsvæðis á Völlum
+ Skipuleggja litlar íbúðir/smáhýsi í Hamranesi og tryggja nægt lóðaframboð
+ Halda áfram að lækka útsvar, fasteignaskatta og þjónustugjöld, með sérstakri áherslu á barnafjölskyldur

xdhafnarfjordur.is
Kosningaskrifstofa Sjálfstæðisflokksins er opin milli 16-18 á Norðurbakka 1

# Sérmeðferðir fyrir þá sem gera kröfur um raunverulegan árangur !






Snyrtistofan Hafblik býður upp á hinn vinsæla Supreme Hollywood-meðferðarkúr sem gefur raunverulegan árangur. Þessi náttúrulega og kröftuga viðgerðarmeðferð á andliti er raunhæf leið til að eldast með fullri reisn. Staðreyndin er að það tekur okkur mörg ár að mynda djúpar hrukkur og aðrar skemmdir í húð. Þær hverfa ekki á einni nóttu. Það er engin skyndilausn til. Supreme Hollywood-meðferðarkúr er langtímaferli og þ.a.l. raunveruleg viðgerð sem vinnur á ótímabærri öldrun húðar, vinnur á litabreytingum og öldrunarblettum og styrkir og stinnir húðvefinn. Starfsemi húðar verður sterkari, heilbrigðari og virkari.

**Glæsilegir tilboðspakkar í boði og allt frá 55 þús. upp í 150 þús. kr. afsláttur !**

## Við bjóðum einnig: Háræðaslitsmeðferðir

### HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




**Hljóðbylgjumeðferð**
Fjarlægir háræðaslit í andliti, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða.

**Hversu margar meðferðir þarf?**
Algengt er 2-4 skipti, en misjafnt er hversu margar meðferðir þarf til að fjarlægja háræðaslit endanlega.

**Fyrir þá sem gera kröfur um gæði og árangur**

**Bókið frían tíma í skoðun/viðtal**

*Snyrtistofan Hafblik*

Hlíðasmára 9 • Kópavogi • S. 893 0098 • snyrt@snyrt.is • www.snyrt.is

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SPARIbíll



